



LAGAÐEILD

GRUNNNÁM | KENNSLUSKRÁ 2010 – 2011

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK

Lagadeild HR

Grunnnám – BA

Kennsluskrá 2010-2011

Háskólinn í Reykjavík
Menntavegur 1
101 Reykjavík

Sími: 599 6200
Símbref: 599 6201

Netfang: ru@ru.is
Veffang: www.hr.is

Umbrot og prentun Svansprent
Reykjavík, febrúar 2010

EFNISYFIRLIT

Kennarar og aðrir starfsmenn lagadeildar	5
Námsleiðir	9
Rannsóknastofnanir á vegum lagadeildar HR.....	11
Nefndir og ráð	12
Grunnnám	15
Fyrsta námsár – Námskeið á haustönn	15
Aðferðafræði	15
Stjórnskipunarréttur	16
Bókhald og greining ársreikninga.....	17
Fjármunaréttur I	18
Fyrsta námsár – Námskeið á vorönn	21
Félagaréttur	21
Fjármunaréttur II - síðari hluti kröfuréttar	22
Stjórnsýsluréttur	23
Nýsköpun og stofnun fyrirtækja	24
Annað námsár – Námskeið á haustönn	25
Réttarfar	25
Fjölskyldu- og erfðaréttur	26
Fjármunaréttur III - Skaðabótaréttur	27
Evrópuréttur	27
Annað námsár – Námskeið á vorönn	29
Fjármunaréttur IV – Eignaréttur	29
Fjármunaréttur V –raunhæft málflytningaverkefni	30
Refsiréttur.....	30
Samkeppnisréttur	31
Priðja námsár – Námskeið á haustönn	33
Viðskipti með fjármálagerninga.....	33
Hugverkaréttur.....	34
Skattaréttur	34
Þjóðaréttur	35
Priðja námsár – Námskeið á vorönn	37
Upplýsingatækniréttur	37
Enskt lagamál	37
Fjármagnsfélög- hlutafélagaréttur	39
Fullnusturéttarfar	39
Kauparéttur	40
Lagadanska	41
Lagafranska	42
Sakamálaréttarfar	43
Vinnuréttur	43
BA ritgerð	44

Um námsmat og einkunnagjöf	45
Reglur um prófgögn í lagadeild	45
Framvindureglur í lagadeild	46
Reglur um mat á fyrra námi vegna grunnnáms (BA) í lagadeild:	47

KENRARAR OG AÐRIR STARFSMENN LAGAÐEILDAR

Forseti

Pórður S. Gunnarsson 599-6241 thordur@ru.is

Skrifstofustjóri

Jóna K. Kristinsdóttir 599-6407 jonak@ru.is

Verkefnastjóri

Jóhanna Ólafsdóttir 599-6267 johanna@ru.is

Lektorar, dósentar og prófessorar

Aðalsteinn E. Jónasson LL.M., dósent 599-6289 adalsteinn@ru.is
 Áslaug Björgvinsdóttir LL.M., dósent, í leyfi 599-6200 ab@ru.is
 Davíð Þór Björgvinsson, LL.M., prófessor 599-6200 davidthor@ru.is
 Dr. juris Guðmundur Sigurðsson prófessor 599-6405 guðmundur@ru.is
 Dr. Guðni Thorlacius Jóhannesson, lektor 599-6361 gj@ru.is
 Dr. juris Guðrún Gauksdóttir LL.M., dósent, í leyfi 599-6200 gudrungauks@ru.is
 Margrét Vala Kristjánsdóttir LL.M., MPA, lektor 599-6223 margretvala@ru.is
 Dr. Oddný Mjöll Arnardóttir prófessor 599-6403 oddny@ru.is
 Dr. Ragnhildur Helgadóttir prófessor 599-6282 ragnhildurh@ru.is
 Rán Tryggvadóttir M.Phil., dósent, í leyfi 599-6408 ran@ru.is
 Þórdís Ingadóttir LL.M., dósent 599-6290 thi@ru.is

Sérfræðingar

Gunnar Þór Pétursson LL.M., í leyfi 599-6429 gunnarthor@ru.is
 Kristín Haraldsdóttir LL.M. 599-6200 kristinhar@ru.is
 Páll Þórhallsson DEA. 545-8400 pallt@ru.is
 Sigurður T. Magnússon cand.jur. 599-6279 sigurdurtm@ru.is
 Stefán Einar Stefánsson cand.theol., MA 599-6526 stefaneinar@ru.is
 Svala Ólafsdóttir cand. jur. BA, MA 599-6266 svala@ru.is

Gestaprófessorar

Peter Christian Dyrberg ML peterd@ru.is
 Sutton, Alastair BA, ML sutton@ru.is

DOMAC

Sandra Lyngdorf ML 599-6200 sandral@ru.is

Aðjúntar

Andri Árnason hrl. 588-4400 andria@ru.is
 Dögg Pálsdóttir MPH, hrl. 561-7755 dogg@ru.is
 Erlendína Kristjánsson M.Paed., BA 599-6251 erlendina@ru.is

Feldís Lilja Óskarsdóttir hdl.	569-2400	feldis@megin.is
Gísli Tryggvason hdl, MBA	581-2090	gislit@ru.is
Gunnar Gunnarsson LL.M.	599-6200	ggunnarsson@ru.is
Heimir Örn Herbertsson hrl.	590-2600	heimir@lex.is
Herdís Hallmarsdóttir hrl.	534-2600	herdis@fides.is
Hrafnhildur Stefánsdóttir hrl.	591-0000	hrafnhildur@sa.is
Jóhannes Rúnar Jóhannsson hrl.	444-7000	johannesj@ru.is
Jónas Þór Guðmundsson hrl.	555-1500	jonastg@ru.is
Kristinn Freyr Kristinsson cand. oecon.	550-5300	kristinn.f.kristinsson@is.pwc.com
Dr. Matthías G. Pálsson	545-9900	matthias@ru.is
Steinunn Hólm Guðbjartsdóttir hrl.	533-1330	steinunn@megin.is
Porgeir Ingi Njálsson héraðsdómari	535-0700	thorgeiri@ru.is

Stundakennarar

Aðalsteinn Leifsson MSc., MBA	599-6430	al@ru.is
Andri Heiðar Kristinsson BSc		andriheidar@ru.is
Arnar Þór Jónsson LL.M., hdl.	511-1206	arnar@rettur.is
Ágúst Karl Guðmundsson LL.M	545-6000	agustkarl@ru.is
Ásdís Magnúsdóttir LL.M	540-0200	asdismag@ru.is
Áslaug Árnadóttir hdl.	545-8800	aslauga@ru.is
Björn L. Bergsson hrl.	511-1190	bjornb@ru.is
Björn Þorvaldsson LL.M		bjornth@ru.is
Borghildur Erlingsdóttir LL.M	580-9400	borghildur@els.is
Dr. Bostjan Zupancic dómari við MDE		
Dr. Cedric Ryngaert		Cedric.Ryngaert@law.kuleuven.be
Drew Prisner J.D.,MBA		drew@ru.is
Einar Baldvin Axelsson LL.M. hrl.	540-0300	einarbaldvin@ru.is
Einar Farestveit LL.M, hdl.	587-1286	einar@justice.is
Elín Björg Smáradóttir cand. jur.	595-4100	elins@ru.is
Elva Ósk Ólafsdóttir leikari	599-6200	elvaosk@ru.is
Erlendur Gíslason hrl.	540-0300	erlendur@logos.is
Garðar G. Gíslason hdl.	590-2600	gardar@lex.is
Garðar Víðir Gunnarsson LL.M. hdl.	599-6200	gvgunnarsson@gmail.com
Dr. Gísli H. Guðjónsson prófessor	599-6200	ghg@ru.is
Guðjón Ólafur Jónsson LL.M., hrl.	588-5200	goj@ip.is
Guðmundur Ingvi Sigurðsson hdl.	590-2600	gudmunduris@lex.is
Guðrún Sesselja Arnadóttir hrl.	511-1190	gudruna@ru.is
Guðrún Björk Bjarnadóttir LL.M., hdl.	591-0000	gudrun@sa.is
Hafliði Kristján Lárusson LL.M.	599-6200	hafliði@logos.is
Halldóra Jónsdóttir cand.phil, BA	599-6200	halldoraj@ru.is
Hallgrímur Ásgeirsson MSc., LL.M.	599-6200	hallgrimura@ru.is
Heiða Björg Pálmadóttir cand. jur.	530-2600	heida@bvs.is

Helga Hlín Hákonardóttir cand. jur.	545-2600	helga@sagacapital.is
Helgi Magnús Gunnarsson saksóknari efnahagsbrota	530-1600	helgimg@ru.is
Hulda Hákonardóttir ML	540-4000	huldahakonar@ru.is
Dr. James H. Mathis LL.M.		mathis@ru.is
Jóhanna Helga Halldórsdóttir LL.M.	595-5011	johannah@ru.is
Jóhannes Bjarni Björnsson hdl.	562-1018	johannesbb@ru.is
Jón Elvar Guðmundsson LL.M., hdl	540-0300	joneivar@logos.is
Dr. Jón Friðrik Sigurðsson forstöðusálfræðingur	543-1000	jonf@ru.is
Jón H. Snorrason aðstoðarlögreglustjóri hbs	570-2500	jonhs@ru.is
Justin Menezes ML		jme@eftasurv.int
Kristín Edwald hrl.	599-2600	kristin@lex.is
Margrét Einarsdóttir hdl.	599-2600	me@lex.is
Martin Eyjólfsson cand. jur.	545-9930	martin@ru.is
Othar Örn Petersen MA., hrl.	540-0300	otharorn@logos.is
Ólafur F. Haraldsson hrl.	590-2600	olafur@lex.is
Ragnar Jónasson hdl.		ragnarjo@ru.is
Ruth Mackenzie LL.M		ruthm@ru.is
Sesselja Erla Árnadóttir cand. jur, MPA	545-8100	sesselja@ru.is
Sigurjón Ingvason cand. jur.	510-3800	sigurjoni@ru.is
Stefán A. Svensson hdl	588-4400	stefanas@ru.is
Steinn Jóhannsson MA.	599-6291	steinn@ru.is
Svanhvít Axelsdóttir hdl.	540-0300	svanhvit@logos.is
Særún María Gunnarsdóttir cand. jur.	510-6700	smg@ru.is
Teemu Ruskola J.D.		teemu@ru.is
Tómas Njáll Möller cand. jur.	410-4040	tomasm@ru.is
Valgerður Dís Valdimarsdóttir hdl.	533-1330	valgerdur@megin.is
Þóra Hallgrímsdóttir cand. jur.	440-2000	thh@ru.is

Honorary Research Fellow

Dr. Magnús Kjartan Hannesson

Hlutverk lagadeildar HR er að skapa og miðla þekkingu í umhverfi sem hvetur til frumkvæðis, gagnrýnnar hugsunar og vísindalegra vinnubragða og auka þannig lífsgæði og samkeppnishæfni í samfélaginu.

Lagadeild HR ætlar að vera í fararbroddi lagadeilda á Norðurlöndum fyrir nútímalegt og framsækið nám sem gerir hana að fyrsta valkosti í lagánámi hér á landi. Deildin ætlar sér jafnframt að vera alþjóðleg miðstöð fyrir vandaðar og krefjandi rannsóknir og sterkur áhrifavaldur á þróun samfélagsins.

Námsleiðir

- BA í lögfræði, 3ja ára nám (180 ECTS.)
- Meistarapróf – ML í lögfræði, 2ja ára nám (120 ECTS.)

Þriggja ára grunnám (180 ECTS)

Í grunnáminu er lagður mjög breiður fræðilegur grunnur með kennslu í öllum megingreinum lögfræðinnar, bæði í hinum svonefndu hefðbundnu kjarnagreinum en að auki er lögð veruleg áhersla á þær námsgreinar sem í dag má nefna hinar “nýju kjarnagreinar” lögfræðinnar. Sem dæmi um þær má nefna félagarétt, samkeppnisrétt, hugverkarétt, Evrópu- og EES rétt, skattarétt, fjármálaþjónusturétt og þjóðarétt.

Raunhæf verkefni og valnámskeið

Í grunnáminu er veruleg áhersla lögð á raunhæf viðfangsefni, innan einstakra námskeiða og í sérstökum verkefnanámskeiðum og þannig leitast við að tengja lögfræðinámið þeim veruleika sem bíður laganema að námi loknu.

Strax á fyrsta ári taka laganemar þátt í nýsköpunarnámskeiði sem heitir Nýsköpun og stofnun fyrirtækja. Námskeiðið er einnig skyldunámskeið hjá nemendum í viðskiptafræði og verkfræði og valnámskeið í öðrum deildum skólans. Markmið námskeiðsins er að nemendur læri að stofna fyrirtæki á grundvelli viðskiptahugmynda og viðskiptaáætlana sem þeir hafa sjálfir tekið þátt í að móta.

Á vorönn á 2. ári er námskeið sem miðar að því að þjálfar nemendur í skjalgærð á sviði fjármunaréttar, ræðumennsku og málflytningi. Á námskeiðinu eru fluttir fyrirlestrar um, samningsgerð, gerð stefnu og greinargerðar og reyndir lögmenn fræða nemendur um málflytning fyrir dómi. Samhliða fá nemendur grunnþjálfun í ræðumennsku. Nemendur bregða sér síðan í hlutverk lögmanna og byggja upp dómsmál frá grunni á grundvelli atvikalýsingar á sviði fjármunaréttar. Nemendur útbúa stefnur og greinargerðir og sækja svo og verja málið í dómsal. Nemendur bregða sér einnig í hlutverk dómara og dæma mál sem

aðrir nemendur hafa byggt upp og flutt munnlega. Námskeiðinu lýkur með því að dómur eru kveðnir upp í öllum málunum.

Á vorönn á 3. ári er nemendum gefinn kostur á aukinni sérhæfingu innan lögfræðinnar í gegnum fjölda valnámskeiða. Ennfremur gefst þeim kostur á að velja námskeið á öðrum fræðasviðum, innan annarra háskóladeilda hér á landi eða erlendis.

Tveggja ára meistaranám (120 ECTS)

Skipulag námsins einkennist af miklu persónulegu vali um áherslur og námsleiðir og gefur m.a. möguleika á sérhæfingu innan lögfræðinnar og samþættingu við aðrar háskólagreinar en lögfræði. Námið byggir að verulegu leyti á sjálfstæðri vinnu nemenda undir handleiðslu færustu kennara, með mikilli áherslu á rannsóknir og verkefnavinnu.

Áherslusvið

Fjöldi námskeiða er í boði innan meistaranámsins en sérstök áhersla er lögð á að bjóða námskeið og málstofur á eftirfarandi sviðum:

- a) alþjóðalaga og alþjóðaviðskipta.
- b) dómstóla og málflytnings.
- c) fjármunaréttar.

Mögulegt er að ljúka meistaranámi af alþjóðasviði.

Inntökuskilyrði í meistaranámið:

- BA-próf eða önnur sambærileg háskólagráða í lögfræði.
- BA-próf eða önnur sambærileg háskólagráða (t.d. BS eða B.Ed) í annarri námsgrein en lögfræði.

Peir sem ljúka meistaranámi við deildina að undangengnu grunnnámi í lögfræði og a.m.k. 240 ECTS í lögfræðigreinum teljast hafa lokið fullnaðarprófi í lögfræði og uppfylla því almenn menntunarskilyrði til að gegna störfum dómara og málflytjenda.

Sjá sérprentaða kennsluskrá fyrir meistaranám en auk þess eru allar upplýsingar á heimasíðu lagadeildar.

Rannsóknastofnanir á vegum lagadeildar HR

Við lagadeild HR eru starfræktar þrjár rannsóknarstofnanir og Miðstöð Evrópuupplýsinga.

Stofnun	Markmið
Evrópuréttarstofnun	Auka rannsóknir á sviði Evrópuréttar hér á landi og stuðla að faglegri umræðu um stöðu Íslands í samfélagi Evrópuþjóða.
Fjármálaréttarstofnun	Markmið stofnunarinnar er að vera vettvangur rannsókna og umræðu á sviði löggjafar á sviði fjármálaþjónusturéttar, í því skyni að efla þekkingu og áhuga á sviðinu og styrkja samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.
Auðlindaréttarstofnun	Stofnuninni er ætlað að vera vettvangur fyrir fræðilegar rannsóknir á réttarreglum sem varða hagnýtingu og vernd náttúruauðlinda, vera miðstöð þekkingar og fræðslu um auðlindarétt og veita þjónustu og ráðgjöf um lagaleg atriði á því sviði

Nefndir og ráð

Kennsluþróunarráð:

Margrét Vala Kristjánsdóttir formaður
Aðalsteinn E. Jónasson
Steinn Jóhannsson

Hlutverk Kennsluþróunarráðs er stuðla að þróun og uppbyggingu kennsluhátta innan lagadeildar Háskólans í Reykjavík.

Helstu verkefni Kennsluþróunarráðs er að setja fram tillögur um:

- Viðmiðanir um skipulag námskeiða við deildina
- Viðmiðanir um góða kennsluhætti
- Endurmenntun og þjálfun kennara í kennslufræðum
- Viðmiðanir um námsefni
- Viðmiðanir um námsmat

Stefna lagadeildar HR í kennslumálum og viðmið um kennsluhætti er birt á heimasíðu deildarinnar.

Námsþróunarráð:

Sigurður Tómas Magnússon formaður
Svala Ólafsdóttir
Þórdís Ingaðóttir

Hlutverk Námsþróunarráðs er stuðla að þróun og uppbyggingu náms innan lagadeildar Háskólans í Reykjavík.

Helstu verkefni Námsþróunarráðs eru eftirfarandi:

- a. Að vinna að uppbyggingu og þróun grunn- og framhaldsnáms við deildina
- b. Að vinna að uppbyggingu og þróun nýrra námsbrauta og/eða námsleiða við deildina
- c. Endurskoða reglulega framgangs- og prófareglur deildarinnar
- d. Vinna að þróun kennslumats.

Í tengslum við meistaranámið fer Námsþróunarráð með eftirfarandi verkefni, sbr. 4. gr. reglna um meistaranámið:

- a. Gerir tillögur um framboð á kjörgreinum og málstofum.
- b. Annast samningsgerð við stofnanir og fyrirtæki um starfsnám.
- c. Tekur á mótí og fjallar um umsóknir um meistaranám
- d. Fjallar um umsóknir um mat á námi frá öðrum háskólum

- e. Semur nánari reglur sem varða framkvæmd námsins, svo sem um frágang ritgerða o.fl.
- f. Annast framkvæmd meistaranámsins, m.a. með tillögugerð til deildarforseta um ráðningu
- g. Gerir aðrar tillögur og tekur aðrar ákvarðanir sem nauðsynlegar eru og sem mælt er fyrir um í reglum um meistaranámið.

Rannsóknarráð:

Ragnhildur Helgadóttir formaður
Guðni Th. Jóhannesson
Oddný Mjöll Arnardóttir

Hlutverk rannsóknarráðs er að stuðla að og efla rannsóknir innan lagadeildar Háskólans í Reykjavík í innlendu og alþjóðlegu samhengi.

Helstu verkefni rannsóknarráðs eru:

- a. Að vinna að stefnumótun rannsókna innan deildarinnar. Stefnumótun skal unnin í samráði við starfandi kennara deildarinnar og eftir atvikum aðra starfsmenn. Stefna skal mótuð til tveggja ára í senn. Stefnan skal lögð fram og kynnt af rannsóknarráði fyrir deildarfundi einu sinni á ári en á þeim fundi skal jafnframt farið yfir árangur síðastliðins árs.
- b. Koma á og viðhalda rannsóknarsamstarfi við innlenda og erlenda aðila, í samráði við kennara á tilteknum fræðasviðum
- c. Próa matskerfi til magngreiningar og sjálfsmats á rannsóknarstarfi innan deildarinnar.
- d. Móta stefnu varðandi rannsóknarsamstarf milli kennara og nemenda.
- e. Að fylgjast með framvindu og stöðu rannsóknarverkefna innan deildarinnar.
- f. Aðstoða við skipulagningu náms- og ráðstefna á vegum lagadeildar.

Námsmatsnefnd:

Hlutverk námsmatsnefndar er að afgreiða beiðnir um mat á námi/námskeiðum úr öðrum skólum.

Nefndina skipa:

Guðrún Gauksdóttir
Jóna K. Kristinsdóttir
Þórður S. Gunnarsson

Grunnnám 180 ECTS, 3 ár - Yfirlit

1. ár	1. önn	2. önn.
	Aðferðafræði 8 ECTS Fjármunaréttur I – Samningaréttur og inngangur að skaðabótarétti og almennum hluta kröfuréttar 8 ECTS Stjórnskipunarréttur 8 ECTS Bókhald og greining ársreikninga 6 ECTS	Félagaréttur 8 ECTS Fjármunaréttur II – Kröfuréttur síðari hluti. 8 ECTS Stjórnsýsluréttur 8 ECTS Nýsköpun og stofnun fyrirtækja 6 ECTS
2. ár	3. önn	4. önn
	Réttarfar 10 ECTS Fjármunaréttur III - Skaðabótaréttur 8 ECTS Evrópuréttur 8 ECTS Fjölskyldu- og erfðaréttur 4 ECTS	Fjármunaréttur IV - Eignaréttur 8 ECTS Refsiréttur 8 ECTS Samkeppnisréttur 8 ECTS Fjármunaréttur V - Raunhæft málflytningssverkefni 6 ECTS
3. ár	5. önn	6. önn
	Viðskipti með fjármálagerninga 8 ECTS Skattaréttur 8 ECTS Þjóðaréttur 8 ECTS Hugverkaréttur 6 ECTS	<p>Á lokaönn í grunnnámi gefst nemendum kostur á að velja fimm valgreinar í lögfræði. Eftirtaldir valgreinar eru í boði, 6 ECTS:</p> <p>Enskt lagamál Fjármagnsfélög – hlutafélagaréttur Fullnusturéttur Kauparéttur Lagadanska Lagafranska Sakamálaréttarfar Upplýsingatækniréttur Vinnuréttur</p> <p>BA-ritgerð getur komið í stað tveggja valgreina, 12 ECTS.</p>

Nemendum er heimilt að fengnu samþykki LD að velja námsgreinar innan annarra deilda HR eða innan annarra háskóla, innlendra og erlendra, í stað einnar eða fleiri ofangreindra valgreina.

Grunnám (180 ECTS, 3 ár)

Fyrsta námsár – Námskeið á haustönn

L-101-ADFE Aðferðafræði

8 ECTS

Ár: 1. ár

Önn: Haustönn 2010

Stig námsgreinar: Grunnám, grunnámskeið

Tegund námskeiðs: Skylda

Undanfarar: Engir

Skipulag: Námskeiðið skiptist í A- og B-hluta.

A-hluti: Réttarheimildafræði og lögskýringar. Fjórir fyrirlestrar í viku auk umræðu- og verkefnatíma frá 7. viku.

B-hluti: Lögfræðiupplýsingar á rafrænu og prentuðu formi og heimildavinna í lögfræði. Verkefna- og umræðutímar.

Kennarar: Andri Árnason, Stefán A. Svansson og fleiri

Hæfniviðmið: **A-hluti:** þekkja megineinkenni íslenska réttarkerfisins,

- þekkja einstakar réttarheimildir, vægi þeirra og samspil, þ.m.t. við úrlausn raunhæfra viðfangsefna
- þekkja markmið lögskýringa og gögn, aðferðir og sjónarmið sem horft er til við skýringu laga.

B-hluti: þekkja helstu lögfræðiupplýsingar á rafrænu og prentuðu formi

- geta aflað sér lögfræðiupplýsinga í rafrænum miðlum og úr prentuðum heimildum með markvissum hætti
- hafa tamið sér sjálfstæð og öguð vinnubrögð við öflun og meðferð lögfræðiupplýsinga
- öðlast þekkingu á lögfræðilegri aðferðafræði og geti beitt henni á ýmis álitaefni.

Lýsing: A-hluti: Fjallað verður ítarlega um réttarheimildir og beitingu þeirra við úrlausn lögfræðilegra viðfangsefna svo og um lögskýringar. Veruleg áhersla er lögð á að nemendur öðlist þekkingu á eðli og þýðingu einstakra réttarheimilda, samspili þeirra og vægi, þ.m.t. þegar leitast er við að komast að lögfræðilegum niðurstöðum í einstökum álitamálum. Að sama skapi er lögð áhersla á að nemendur öðlist þekkingu á viðurkenndum aðferðum við skýringu settra laga. Í kennslu verður stuðst við dóma og raunhæf verkefni til skýringar á einstökum atriðum og áhersla lögð á að þjálfar með nemendum sjálfstæð og gagnrýnin vinnubrögð. A-hluta námskeiðsins er ætlað að leggja grunn að frekara námi og rannsóknum á sviði lögfræði.

B-hluti: Fjallað verður um notkun rafrænna og prentaðra upplýsingamiðla í lögfræði. Sérstaklega verður fjallað um íslenskar lögfræðiupplýsingar. Áhersla verður lögð á vef Alþingis, en einnig fjallað um aðra lykilupplýsingavefi í lög-

fræði. Einnig verður kynnt hvernig leitað er að lagagögnum í prentuðum útgáfum Alþingis- og Stjórnartíðinda. Nemendur kynnað veffbókasafni HR og læra að leita að bókum og greinum um lögræðileg efni í bókasafnskerfinu Gegni. Þá verður lögræðilegri aðferðafræði lýst og nemendur fá nokkra þjálfun í beitingu hennar á raunhæf verkefni. B-hluta námskeiðsins er ætlað að leggja hagnýtan grunn að náminu

Lesefni: Réttarfar í hnotskurn. Andri Árnason

Lögskýringar. Davíð Þór Björgvinsson

Um fordæmi og valdmörk dómstóla. Jón Steinar Gunnlaugsson

Um lög og lögræði: Grundvöllur laga – réttarheimildir. Sigurður Líndal auk ítarefnis

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, verkefna- og umræðutímar.

Námsmat: A hluti: Verkefni, t.d. í formi raunhæfs verkefnis (tíma- eða heima-verkefni) eða ritgerðar (30%); skriflegt miðannarpróf (20%) og munnlegt loka-próf (50%). Lágmarkseinkunn á námskeiðinu er 6,0. Þá þarf nemandi að hljóta meðaleinkunnina 6,0 úr verkefni og skriflegu miðannarprófi til að fá próftökuheimild í lokaprófi. Sjá ennfremur reglur deildarinnar um lágmarkseinkunn.

B-hluti: Viðveruskylda. Meðal skilyrða fyrir próftökurétti í munnlegu lokaprófi er að nemendur hafi staðist námsmat B-hluta.

Tungumál: Íslenska

L-102-STJO Stjórnskipunarréttur

8 ECTS

Ár: 1. ár

Önn: Haustönn 2010

Stig námsgreinar: Grunn nám, grunnnámskeið

Tegund námskeiðs: Skylda

Undanfarar: Engir

Skipulag: Stuttar lotur um hvert efni; samsett úr fyrirlestratímum og umræðu-eða verkefnatímum um sama efni.

Kennarar: Ragnhildur Helgadóttir, Hulda Hákonardóttir, Þorgeir Ingi Njálsson

Hæfniviðmið: Að námskeiðinu loknu er stefnt að því að nemar:

- Skilji, geti greint frá og borið saman grundvallarhugmyndir í stjórnskipunarrétti og áhrif þeirra.
- Þekki og geti lýst einkennum og sögu íslenskrar stjórnskipunar.
- Geti fundið, túlkað og beitt helstu reglum um mannréttindi og vernd þeirra.
- Þekki og geti útskýrt helstu reglur um hlutverk, skipulag og starfsemi einstakra handhafa ríkisvaldsins, og þeirra alþjóðastofnana sem koma við sögu hafi hlotið nokkra þjálfun í leit að réttarheimildum, úrvinnslu þeirra og túlkun, m.a. með fjölmörgum raunhæfum verkefnum og æfingum í minni hópum

- Skilji tengsl stjórnskipunarréttar við aðrar fræðigreinar og siðferðilegar forsendur hans og geri sér grein fyrir hlutverki hans í samfélaginu

Lýsing: Í námskeiðinu verður velt upp grundvallarspurningum í stjórnskipunarrétti, eins og á hverju ríkisvaldið sé byggt, hvernig staða borgaranna verði best tryggð gagnvart því og til hvers stjórnarskrár séu og hvað eigi að fjalla um í þeim.

Grundvallarhugtök í stjórnskipunarrétti og meginskipulag íslenska ríkisins verða kynnt. Þannig verður fjallað um þriggreiningu ríkisvaldsins, lýðræði, þingræði, mannréttindi samkvæmt stjórnarskrá og alþjóðasáttmálum og hvernig er staðið að vernd þeirra; grundvallarskipulagi íslenska ríkisins, handhöfum ríkisvaldsins, hlutverki þeirra og stöðu. Þá er fjallað um túlkun stjórnarskrár og um áhrif hennar og alþjóðasamninga á túlkun almennra laga. Gerð verður grein fyrir grundvallarskipulagi íslenska ríkisins, handhöfum ríkisvaldsins, hlutverki þeirra og stöðu.

Lesefni: Hluti ritsins „Stjórnskipunarréttur“ og greinar úr ljósrituðu hefti.

Kennsluaðferðir: Stuttar lotur um hvert efni; samsett úr fyrirlestrátímum og umræðu- eða verkefnatímum um sama efni.

Námsmat: Samsett úr verkefnum unnum í verkefnatímum; þátttöku í umræðutímum, heimaverkefnum, miðannarprófi og lokaprófi.

Tungumál: Íslenska

L-104-BOKG Bókhalð og greining ársreikninga

6 ECTS

Ár: 1. ár

Önn: Haustönn 2010

Stig námsgreinar: Grunnám, grunnnámskeið

Tegund námskeiðs: Skylda

Undanfarar: Engir

Skipulag: 3 fyrirlestrar í viku og verkefnatímar einu sinni í mánuði.

Kennari: Kristinn Freyr Kristinsson

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- Hafa öðlist skilning á grundvallaratriðum reikningsskila og skilji mikilvægi áreiðanlegra reikningsskila,
- Hafa grundvallarskilning á lögum um virðisaukaskatt og skilning á lögum og reglum sem gilda um ársreikninga íslenskra fyrirtækja.

Lýsing: Kynning á undirstöðuatriðum reikningsskila, þ.m.t. færslu á tvíhliða bókhalði og áhrifum einstakra viðskipta á rekstrarreikning, efnahagsreikning og sjóðstreymi. Kynning á helstu reglum sem reikningshaldið byggir á og hvernig þær tengjast mati og framsetningu á tekjum, gjöldum, eignum og skuldum. Kynning á grundvallaratriðum í lögum um virðisaukaskatt og hvernig skilum á honum er hátað með hliðsjón af reglum reikningshaldsins. Kynning á helstu kennitölum í ársreikningum og hvernig þær tengjast greiningu og túlkun á árs-

reikningum íslenskra fyrirtækja. Ársreikningar íslenskra fyrirtækja verða skoðaðir og farið í greiningu og túlkun á þeim. Einnig verður farið í helstu hugtök og kennitölur sem birtast í íslenska ársreikningnum þannig að nemendur séu færir um að greina og túlka ársreikninga

Lesefni: Fundamental financial accounting concepts/6. Edmonds, McNair og Olds.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og dæmatímar.

Námsmat: Skilaverkefni 10%, áfangapróf 20% og lokapróf 70%. Ná verður lágmarkseinkunn á lokaprófi áður en önnur verkefni fara að gilda í lokaeinkunn.

Tungumál: Íslenska

L-105-FJA1 Fjármunaréttur I

Samninga-, skaðabóta-, og kröfuréttur I

8 ECTS

Ár: 1. ár

Önn: Haustönn 2010

Stig námsgreinar: Grunn nám, grunnnámskeið

Tegund námskeiðs: Skylda

Undanfarar: Engir

Skipulag: 4 fyrirlestrar í viku

Kennari: Aðalsteinn Egill Jónasson

Hæfniviðmið: Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist góðan skilning á ákveðnum grundvallarpáttum í fjármunarétti en það er það réttarsvið lögfræðinnar sem í grófum dráttum fjallar um öll fjárhagsleg samskipti einstaklinga og lögaðila sín á milli. Námskeiðið er inngangur að fjármunarétti en námskeiðið Fjármunaréttur II er beint framhald af þessu námskeiði. Hæfniviðmið þessa námskeiðs - er að nemendur **skilji og hafi þekkingu og getu til að takast á við og leysa úr** raunhæfum álitaefnum þar sem reynir á þær réttarreglur fjármunaréttar sem fjallað er um í Fjármunarétti I:

A. Hugtakið krafa

B. Mismundandi stofnunarhættir krafna:

1. Kröfur á grundvelli mismunandi tegunda löggæringa.
2. Skaðabótakröfur.
3. Auðgunarkröfur.

C. Skýring og fylling kröfuréttinda

D. Hugtakið greiðsla í kröfuréttarsambandi og mismunandi réttindi og skyldur aðila.

E. Slit kröfuréttarsambands (einkum ógildingarreglur samningalaga nr. 7/1936)

F. Innbyrðis staða fleiri skuldara og kröfuhafa að einu og sama kröfuréttarsambandinu og kröfuábyrgð.

G. Áhættuskipti.

H. Aðilaskipti að kröfuréttarsambandi.

Lýsing: A. Fræðigreinin fjármunaréttur og hugtakið krafa.

Almenn umfjöllun um fræðigreinina fjármunarétt og umfjöllun um hugtakið krafa en fjármunaréttur byggir á því að stofnast hafi krafa sem nýtur lögverndar í skilningi kröfuréttar.

B. Stofnun kröfu.

Umfjöllun um helstu stofnunarhætti krafna:

1. Kröfur á grundvelli samnings.

Umfjöllun um samninga og ýmsar aðrar tegundir löggerna, þar með talið hvernig samningar geta stofnast samkvæmt lögum nr. 7/1936. Farið verður yfir reglur um loforð, ákvaðir og stofnun samninga. Einnig fellur undir þetta umfjöllun um þriðjamannslöggerna og reglur um umboð og umsýslu þar sem þær snerta sama viðfangsefni. Auk þess verður fjallað um túlkun samninga og fyllingu. Undir þeirri umfjöllun verður meðal annars farið yfir reglur um túlkun staðlaðra samningsskilmála og áhrif ýmissar löggjafar á sviði neytendaverndar á túlkunarregur. Sérstaklega verður rætt um túlkun gjafaloforða þar sem reglur um túlkun þeirra eru að sumu leyti frábrugðnar almennum reglum. Auk þess verður fjallað um takmörk meginreglu samningaréttar um samningsfrelsi.

2. Skaðabótakröfur.

Almenn umfjöllun um skaðabætur, tilgang þeirra og fræðigreinina skaðabóta-rétt. Farið verður yfir grundvallarhugtök í skaðabótarétti; samningsábyrgð og bótaábyrgð utan samninga, sakaregluna, sök, saknæmi og ólögmæti, tilviljun og óviðráðanleg ytri atvik, vinnuveitendaábyrgð, sakarábyrgð, hlutlæg ábyrgð, strangari bótaábyrgð (sérfræðiábyrgð), munatjón og líkamstjón, sakarlíkinda-regla, fjártjón og miski og tengsl við váttryggingar.

3. Auðgunarkröfur og ýmsir aðrir stofnunarhættir krafna.

C. Slit kröfuréttarsambands eða ógilding.

Farið verður yfir ógildingarreglur samningalaga nr. 7/1936, reglur um brostnar forsendur og gerður samanburður við aðrar leiðir sem geta leitt til slita á kröfu-réttarsambandi eins og riftun (sem verður farið nánar yfir í Fjármunarétti II), afpöntun, höfnun greiðslu o.fl.

D. Efni kröfuréttinda

Rætt um hugtakið greiðsla í kröfuréttarsambandi og mismunandi réttindi og skyldur aðila. Umfjöllun um muninn á aðal- og aukaskyldum með sérstakri áherslu á tillits- og trúnaðarskyldur.

E. Aðilar kröfuréttarsambands

Rætt um innbyrðis stöðu fleiri skuldara og kröfuhafa að einu og sama kröfu-réttarsambandinu og kröfuábyrgð.

F. Áhættuskipti

G. Aðilaskipti að kröfuréttarsambandi

Umfjöllun um aðilaskipti (kröfuhafaskipti og skuldaraskipti) að almennum kröfum og sérreglum um viðskiptabréfakröfur.

Viðfangsefnið er yfirgripsmikið. Mun því verða leitast við að setja námsefnið fram í raunhæfum bünungi, með tilvísun til dómaframkvæmdar og raunhæfra álitafna svo nemendur skilji betur þær grundvallarreglur sem verið er að fjalla um hverju sinni. Gerð verður krafa til þess að nemendur séu búnir að undirbúa sig vel fyrir tíma og séu reiðubúin til að tjá sig munnlega um dóma og efni sem sett er fyrir hverju sinni en hluti af lokaekunn byggir á frammistöðu nemenda í tímum.

Leseefni:

- a. Kröfuréttur I, eftir Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvind Gunnarsson. Bókaútgáfan Codex, Reykjavík 2009. Bókin fæst í Bókstölu stúdenta.
- b. Samningaréttur, eftir Pál Sigurðsson. Bókaútgáfan Codex, Reykjavík 1986. Bókin fæst í Bóksölu stúdenta.
- c. Skaðabótaréttur, kennslubók fyrir byrjendur, eftir Arnljót Björnsson. Bókaútgáfan Codex, Reykjavík, 2. útgáfa 2004.
- d. Viðskiptabréf, eftir Pál Hreinsson. Bókaútgáfan Codex, Reykjavík 2004. Bókin fæst í Bóksölu stúdenta.
- e. Ýmsar tímaritsgreinar, dómar og önnur fræðirit sem vísað verður síðar til.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og umræðutímar

Námsmat: Frammistaða í tímum (10%), raunhæft verkefni (10%), miðvetr-arpróf (20%), skriflegt lokapróf (60%).

Tungumál: Íslenska

Fyrsta námsár. Námskeið á vorönn

L-202-FELA Félagaréttur

8 ECTS

Ár: 1. ár

Önn: Vorönn 2011

Stig námsgreinar: Grunnám, grunnámskeið

Tegund námskeiðs: Skylda

Undanfarar: Engir

Skipulag: 5 fyrirlestrar í viku

Kennari: Jóhannes Rúnar Jóhannsson

Hæfniviðmið: Að námskeiði loknu eiga nemendur að:

- Hafa grundvallarþekkingu á reglum um helstu félagaform og sjálfseignarstofnanir íslensks réttar, með sérstaka áherslu á hluta- og einkahlutafélög.
- Hafi öðlast færni í úrlausn félagaréttarlegra álitafna, bæði raunhæfra og fræðilegra.

Lýsing: Um er að ræða grunnámskeið í félagarétti. Í upphafi námskeiðs verður fjallað um viðfangsefni og réttarheimildir félagaréttar, eðli samstarfs í formi félaga og þau borin saman við önnur samvinnu- og rekstrarform. Gerð verður grein fyrir helstu félagaformum íslensks réttar einkennum þeirra og samamburði. Á námskeiðinu verður sérstök áhersla lögð á hluta- og einkahlutafélög, en þessi félagaform eru algengust í íslensku viðskiptalífi. Í því sambandi verður farið yfir dæmigerð félagaréttarleg álitafni sem á getur reynt í rekstri félaga, bæði frá fræðilegu og raunhæfu sjónarhorni, svo sem: (i) einkenni svokallaðrar takmarkaðrar ábyrgðar hluthafa, þ.m.t. kosti og galla hennar og möguleika dómstóla á að aflétta slíkra ábyrgð („e. lifting the corporate veil“); (ii) stofnun félaga; (iii) hluti og hlutafé félags, þ.m.t. greiðslu hlutafjár, eigin hluti, arðgreiðslur og lán og ábyrgðir félags vegna kaupa á hlutum; (iv) stjórnkerfi hlutafélaga, þ.m.t. stöðu stjórnar, framkvæmdastjóra og hluthafa, hverra um sig og innbyrðis; (v) stöðu (vernd) kröfuhafa félaga; (vi) fjármögnun félaga; (vii) félagasamstæður og álitafni þeim tengd, þ.m.t. vernd kröfuhafa; (viii) samruna, slit og skiptingu félaga; og (ix) réttarræði aðila sem telja á sér brotið í tengslum við rekstur félags.

Lesefni: Áslaug Björgvinsdóttir, Félagaréttur, 1999

Stefán Már Stefánsson, Hlutafélög, einkahlutafélög og fjármálamarkaðir, 2003

Kennsluáferðir: Kennsla verður í formi fyrirlestra, umræðutíma og raunhæfra verkefna.

Námsmat: Raunhæft verkefni (20%), miðannarpróf (20%) og skriflegt lokapróf 60%. Skil á raunhæfu verkefni er skilyrði þátttöku í lokaprófi.

Tungumál: Íslenska

L-205-FJA2 Fjármunaréttur II - Kröfuréttur II**8 ECTS****Ár:** 1. ár**Önn:** Vorönn 2011**Stig námsgreinar:** Grunnám, grunnnámskeið**Tegund námskeiðs:** Skylda**Undanfarar:** L-105-FJA1, Fjármunaréttur I - Samninga-, skaðabóta-, og kröfu-
réttur I**Skipulag:** 4 fyrirlestrar í viku auk umræðutíma**Kennari:** Stefán A. Svensson**Hæfniviðmið:** Að námskeiði loknu eiga nemendur að:

- hafa öðlast góðan skilning á því hvað telst vera vanefnd í kröfuréttarsambandi
- kunna skil á hinum mismunandi vanefndaúrræðum sem aðilar geta gripið til vegna vanefnda.
- þekkja reglur um lok kröfuréttinda.

Lýsing: A. Efnidir kröfu / vanefndir

Í þessum hluta verður fjallað um þá grundvallarreglu kröfuréttar að til þess að krafa teljist réttilega efnd þarf hún að hafa verið innt af hendi (i) á réttum tíma, (ii) á réttum stað og (iii) í réttu ásigkomulagi. Þannig verður fjallað um þær reglur sem gilda um greiðslutíma og greiðslustað. Undir þeirri umfjöllun verður vikið að hugtökunum greiðsludráttur, afhendingardráttur og viðtökudráttur. Farið verður samhliða yfir reglur um gjalddaga, eindaga og lausnardag krafna, reglur um heimild til gjaldfellingar kröfu og meginreglur um vexti og dráttarvexti. Að lokum verður undir þessum hluta fjallað um ásigkomulag greiðslu en undir þeirri umfjöllun verður vikið að reglum um galla, þar með talið reglum um réttarágalla.

B. Vanefndaúrræði

Í þessum hluta verður vikið að réttaráhrifum vanefnda og skilyrðum fyrir beitingu hinna mismunandi vanefndaúrræða sem aðilum kröfuréttarsambands eru tiltæk. Verður þannig vikið að þeim reglum sem gilda um riftun, efnidir in natura, hald á eigin greiðslu, skaðabætur og afslátt og að samningsbundnum vanefndaúrræðum.

C. Lok kröfuréttinda

Í þessum hluta verður fjallað um þær reglur sem gilda um lok kröfuréttinda. Verður fyrst fjallað um þær reglur sem gilda um greiðslu kröfu en undir þeirri umfjöllun verður vikið að heimild aðila til að greiða kröfu að hluta, reglum um rétt til endurgreiðslu ofgreidds fjár og reglum um geymslugreiðslu. Síðan verður vikið að reglum um fyrningu kröfuréttinda, tómlæti, vanlýsingu og skuldajöfnuð.

Leitast verður við að setja námsefnið fram í raunhæfum búningi, með tilvísun til dómaframkvæmdar og raunhæfra álitafna svo nemendur skilji betur þær grundvallarreglur sem verið er að fjalla um hverju sinni. Gerð verður krafa til

Þess að nemendur séu búnir að undirbúa sig vel fyrir tíma og séu reiðubúin til að tjá sig munnlega um dóma og efni sem sett er fyrir hverju sinni

Lesefni: Þorgeir Örlygsson o.fl.: Kröfuréttur I - efndir kröfu -

Þorgeir Örlygsson: Kaflar úr kröfurétti III. Handrit til kennslu.

Ýmsar tímaritsgreinar og bókarkaflar sem vísað verður til í kennsluáætlun

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og umræðutímar

Námsmat: Raunhæft verkefni (20%), miðannarpróf (20%), skriflegt lokapróf (60%)

Tungumál: Íslenska

L-401-STJR Stjórnsýsluréttur

8 ECTS

Ár: 1. ár

Önn: Vorönn 2011

Stig námsgreinar: Grunnám, grunnámskeið

Tegund námskeiðs: Skylda

Undanfarar: Engir

Skipulag: 5 fyrirlestrar /umræðutímar í viku

Kennarar: Margrét V Kristjánsdóttir, Heiða Björg Pálmadóttir og Hulda Hákonardóttir

Hæfniviðmið: Hæfniviðmið námskeiðsins eru að nemendur

- þekki og geti gert grein fyrir helstu hugtökum og reglum stjórnsýsluréttarins og hvernig reynt hefur á þær í framkvæmd.
- öðlist færni í beitingu þessara reglna.
- Nemendur eiga að geta greint álitafæni í dæmum og atvikalýsingum og leyst úr þeim með rökstuddum hætti á grundvelli stjórnsýslulaga og eftir atvikum meginreglna stjórnsýsluréttar með tilvísun til dómaframkvæmdar og/eða álita umboðsmanns Alþingis.

Lýsing: Í námskeiðinu verður uppbyggingu stjórnsýslukerfisins og verkefnum stjórnvalda lýst stuttlega. Fjallað verður um réttarheimildir stjórnsýsluréttarins, meginreglur hans og grundvallarhugtök. Sérstaklega verður vikið að hugtakinu stjórnvaldsákvörðun og eins að aðild að stjórnsýslumálum. Farið verður nokkuð nákvæmlega í málsmeðferðar og efnisreglur stjórnsýslulaga. Einnig verður farið í óskráðar efnisreglur stjórnsýsluréttarins, t.a.m. um það hvaða sjónarmið má leggja til grundvallar matskenndri ákvörðun. Þá verður lítillega fjallað um eftirlit með störfum stjórnsýslunnar og um endurskoðun ákvarðana. Áhersla er lögð á að tengja námsefnið við álitafæni sem komið hafa upp. Unnið verður með álit umboðsmanns Alþingis og dóma. Nemendur munu taka próf og/eða vinna raunhæft verkefni þegar líða tekur á önnina.

Lesefni: Páll Hreinsson : Stjórnsýslulögin, skýringarrit (1994).

Starfsskilyrði stjórnvalda, skýrsla nefndar um starfsskilyrði stjórnvalda, eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlög við réttarbrotum í stjórnsýslu (1999).

Páll Hreinsson: Hæfisreglur stjórnsýslulaga (2005).

Bókakaflar, greinar, dómar og álit umboðsmanns Alþingis sem tilkynnt verður um síðar.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og umræður

Námsmat: Miðannarpróf og/eða raunhæft verkefni, lokapróf. Fyrirkomulag og vægi verkefna og prófa tilkynnt síðar.

Tungumál: Íslenska

X-204-STOF Nýsköpun og stofnun fyrirtækja

6 ECTS

Ár: 1. ár

Önn: Vorönn 2011

Stig námsgreinar: Grunn nám, grunnnámskeið

Tegund námskeiðs: Skylda

Undanfarar: Engir

Skipulag: Fyrirlestrar og hópastarf í 3 vikur í lok annar.

Kennarar: Andri Heiðar Kristinsson, Eypór Ívar Jónsson, Hrefna Sigríður Briem og fleiri.

Hæfniviðmið: Að námskeiði loknu eiga nemendur að:

- skilja mikilvægi liðs í stofnun fyrirtækja,
- öðlast aukinn skilning á liðshegðun,
- læra að finna góðar viðskiptahugmyndir,
- geta beitt viðskiptalegri dómgreind og haft frumkvæði,
- geta gert framúrskarandi viðskiptaáætlun,
- vita hvað þarf til að stofna fyrirtæki.

Lýsing: Námskeiðið miðar að þróun viðskiptahugmyndar yfir í viðskiptatækifæri og gerð fullbúinnar viðskiptaáætlunar fyrir nýtt fyrirtæki og skiptist í fjóra meginþætti: (i) Viðskiptatækifæri og uppsprettur þeirra – viðskiptahugmyndin. (ii) Undirbúningur viðskiptaáætlunar – veruleikaprófið. (iii) Gerð viðskiptaáætlana. (iv) Kynning viðskiptahugmyndar fyrir fjárfestum.

Lesefni: Developing new business ideas: A step-by-step guide, Bragg & Bragg

The definitive Business plan, Stutley

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og hópavinna.

Námsmat: Hópastarf 20% og lokaverkefni 80%.

Tungumál: Íslenska

Annað námsár. Námskeið á haustönn

L-301-RETT Réttarfar

10 ECTS

Ár: 2. ár

Önn: Haustönn 2010

Stig námsgreinar: Grunnám, grunnámskeið

Tegund námskeiðs: Skylda

Undanfarar: Engir

Skipulag: 5 fyrirlestrar í viku

Kennarar: Sigurður Tómas Magnússon, Jón Helgi B Snorrason

Hæfniviðmið: Að námskeiði loknu eiga nemendur að:

- þekkja og hafa skilning á dómstólakerfinu og hlutverki þess,
- þekkja og hafa skilning á meginreglum einkamálaréttarfars,
- hafa staðgóða þekkingu á þeim reglum sem gilda um undirbúning, höfðun og rekstur einkamáls fyrir dómstólum og kynnist því hvernig reglurnar hafa verið túlkaðar af dómstólum.
- hafa öðlast grunnþekkingu á fullnusturéttarfari og opinberu réttarfari.
- fái nokkra þjálfun í að beita réttarfarsreglum við úrlausn raunhæfra verk-efna.

Lýsing: Fjallað verður um meginreglur einkamálaréttarfars, svo sem reglurnar um jafnræði málsaðila, munnlega málsmeðferð, opinbera málsmeðferð, milliliðalausa málsmeðferð, um forræði málsaðila á sakarefni máls og útilokunarregluna. Þá verður fjallað um uppbyggingu dómstólakerfisins á Íslandi og um almennt og sérstakt hæfi dómara. Gerð verður grein fyrir einstökum flokkum dómsmála og hvaða mismunandi reglur gilda um meðferð þeirra. Þá verður fjallað um þær reglur sem gilda um rekstur einkamála frá útgáfu stefnu til uppkvaðningar dóms. Sérstaklega verður fjallað um stefnur og stefnubirtingu, varnarþing, málsaðild, fyrirsvar, sakarefni, kröfugerð, sönnunarfærslu, þingfestingu mála, aðalmeðferð, samningu dóma og réttaráhrif þeirra. Þá verða kynntir helstu lagabálkar um fullnustu krafna. Nemendum verður einnig veitt innsýn í sakamálaréttarfar. Kynntar verða meginreglur sakamálaréttarfars og farið yfir helstu reglur um meðferð ákærvalds, réttarstöðu sakbornings og brotaþola og málsmeðferð fyrir dómi. Loks verður vikið að málsskoti til Hæstaréttar. Í kennslunni verður vikið að miklum fjölda dóma og raunhæfra dæma um beitingu réttarfarsreglna.

Lesefni: Einkamálaréttarfar. Markús Sigurbjörnsson.

Réttarfar í hnotskurn. Andri Árnason.

Um málskot í einkamálum. Jón Steinar Gunnlaugsson.

Fjöldi dóma.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, umræðutímar og heimsóknir í dómstóla.

Námsmat: Verkefni 40% og skriflegt lokapróf 60%. Lágmarkseinkunn á námskeiðinu er 5,0. Einnig þarf að ná 5,0 á skriflegu lokaprófi.

Tungumál: Íslenska

L-504-FJOR Fjölskyldu- og erfðaréttur**4 ECTS****Ár:** 2. ár**Önn:** Haustönn 2010**Stig námsgreinar:** Grunnám, grunnnámskeið**Tegund námskeiðs:** Skylda**Undanfarar:** Engir**Skipulag:** 2 fyrirlestrar í viku**Kennari:** Dögg Pálsdóttir**Hæfniviðmið:** Að námskeiði loknu eiga nemendur að:

- Tileinka sér helstu réttarreglur hjúskaparréttar, þ.e. um stofnun og slit hjúskapar, fjármál hjóna og fjárskipti milli hjóna. Í því sambandi verður fjallað um helstu réttarreglur sem gilda um staðfesta samvist og um óvígða sambúð.
- Tileinka sér helstu réttarreglur barnaréttar, þ.e. um faðerni og móðerni og forsjá. Í því sambandi verður fjallað um meðferð ágreinings um forsjá, umgengni og framfærslu barna vegna skilnaðar eða sambúðarslita, ættleiðingu og vernd barna og ungmenna.
- Tileinka sér helstu réttarreglur erfðaréttar.
- Þekkja helstu dóma sem hafa þýðingu á þessum réttarsviðum.
- Hafa fengið þjálfun í því að leysa raunhæf verkefni þar sem reynir á grundvallarreglur fjölskyldu- og erfðaréttar.

Lýsing: Hjúskaparréttur. Hjúskaparlög nr. 31/1993. Réttarreglur um stofnun og slit hjúskapar. Réttindi og skyldur hjóna. Framfærsluskylda. Fjármál hjóna; hjúskapareignir, séreignir, kaupmálar, ábyrgð á skuldbindingum, samsköttun o.fl. Sérstök áhersla yrði lögð á reglur um slit hjúskapar og skilnaðarsamninga. Ennfremur yrði fjallað um réttarreglur um óvígða sambúð og staðfesta samvist samkynhneigðra. Barnaréttur. Barnalög nr. 76/2003. Faðerni og móðerni. Forsjá og umgengnisréttur. Framfærsluskylda. Meðferð mála fyrir stjórnslu og dómstólum vegna ágreinings um framfærslu barna, forsjá og umgengnisrétt í tengslum við skilnað eða sambúðarslit foreldra. Ættleiðing. Reglur sem tengjast meðgöngu og barnsburði. Lögræðislög. Erfðaréttur. Erfðalög nr. 8/1962. Lögræðir og bréferðir. Erfðaskrár. Seta í óskiptu búi. Skipti dánarbúa.

Lesefni: Kaflar úr Lögum og rétti. Handrit Dögg Pálsdóttir.

Hjúskaparlög ásamt skýringum og dómareifunum. Handrit Dögg Pálsdóttir. Barnalög nr. 76/2003 ásamt greinargerð.

Erfðalög ásamt skýringum og dómareifunum. Handrit Dögg Pálsdóttir.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og umræður. Kennnt er tvær kennslustundir í senn.**Námsmat:** Eitt verkefni, (20% hvert), þátttaka í tímum (10 %) og munnlegt lokapróf (70%)**Tungumál:** Íslenska

Ár: 2. ár

Önn: Haustönn 2010

Stig námsgreinar: Grunnám, grunnámskeið

Tegund námskeiðs: Skylda

Undanfarar: Engir

Skipulag: 4 fyrirlestrar í viku

Kennarar: Guðmundur Sigurðsson og Póra Hallgrímsdóttir

Hæfniviðmið: Að námskeiði loknu eiga nemendur að:

- hafa yfirsýn yfir þær réttarreglur sem gilda um skaðabætur utan samninga svo og um íslenskan bótarétt á sviði líkamstjónamála
- hafa fengið þjálfun í að beita þeim réttarreglum á lögfræðileg úrlausnarefni.

Lýsing: Á námskeiðinu verður fyrst og fremst fjallað um íslenskan bótarétt þar með talið skaðabætur utan samninga. Megináherslan verður lögð á bótarétt vegna líkamstjóns en í minna mæli fjallað um bætur vegna og tjóns á munum og almenns fjártjóns. Gerð verður grein fyrir skilyrðum fyrir stofnun bótakröfu, hverjir geti átt rétt til skaðabóta, réttarvernd og hvernig hún fellur niður. Einnig er lýst reglum um mat á umfangi tjóns og ýmsum uppgjorsreglum. Veruleg áhersla verður lögð á reglur skaðabótalaga nr. 50/1993. Umfjöllunarefni námskeiðsins verður því ekki aðeins skaðabótaréttur í þrengri merkingu þess orðs heldur íslenskur bótaréttur. Þannig verður fjallað um aðrar stoðið bótaréttarins en skaðabótarétt s.s. almannatryggingar, lífeyrissjóði og váttryggingar.

Lesefni: Skaðabótaréttur, Viðar Már Matthíasson

Ökutæki og tjónbætur, Arnljótur Björnsson

Íslenskur bótaréttur vegna vinnuslysa, Guðmundur Sigurðsson

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og umræðutímar

Námsmat: Tvö einstaklingsskilaverkefni og skriflegt próf í tengslum við seinna verkefnið 40%, skriflegt lokapróf 60%

Tungumál: Íslenska

L-403-EVRO Evrópuréttur

8 ECTS

Ár: 2. ár

Önn: Haustönn 2010

Stig námsgreinar: Grunnám, grunnámskeið

Tegund námskeiðs: Skylda

Undanfarar: Engir

Skipulag: 4 fyrirlestrar í viku

Kennari: Einar Farestveit

Hæfniviðmið: Að námskeiði loknu eiga nemendur að :

- Hafa náð góðum tókum á grundvallarþáttum réttarkerfis Evrópusambandsins (ESB)

- Tileinka sér þekkingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES samningnum)
- Skilja tengsl Evrópuréttar og íslensks réttar í gegnum EES-samninginn

Lýsing: ESB er stærsta viðskiptasvæði Íslendinga og aðrir þættir þess en efnahagslegir eru verulegir og hafa farið vaxandi. Íslendingar tengjast ESB fyrst og fremst í gegnum samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES) og Schengen-samstarfið. Fyrst verður fjallað um uppruna ESB og helstu þróunardrætti. Þá verður tekist á við réttarkerfi ESB, eða Evrópurétt í þrengri merkingu. Fjallað verður um stofnanauppbyggingu sambandsins, löggjafarstarfsemi og aðra ákvarðanatöku. Grundvallarþáttum réttarkerfisins eins og beinum réttaráhrifum, forgangi Evrópuréttar og bótaábyrgð ríkisins verða gerð skil svo og samspili landsréttar aðildarríkjanna og Evrópuréttarins almennt. Fjallað verður sérstaklega um Evrópudómstólinn, hlutverk hans í mótun réttarins, hlutverk Undirréttarins og tengsl dómstólanna við dómsýslu í aðildarríkjunum. Þá verður farið yfir grundvallarþætti innri markaðar ESB, þ.e. frjáls vöruviðskipti, frjálsa þjónustustarfsemi, frjálst flæði fólks, frjálsa fjármagnsflutninga og staðfesturétt ESB. Loks verður fjallað sérstaklega um EES-samninginn, uppbyggingu samningsins, stofnanapætti, ákvörðunartökuferli og efnissvið. Einnig verða sérstaklega til umfjöllunar tengsl EES-samningsins og íslensks landsréttar.

Lesefni: EU Law, 10. útg. eftir Josephine Steiner & Lorna Woods.

EES-réttur og landsréttur eftir Davíð Þór Björgvinsson.

Annað lesefni og hliðsjónarefni verður tilgreint í kennsluáætlun.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, málstofa og umræðutímar.

Námsmat: Raunhæft verkefni 25%, skriflegt lokapróf 75%.

Tungumál: Íslenska

Annað námsár. Námskeið á vorönn

L-406-FJA4 Fjármunaréttur IV - Eignaréttur

8 ECTS

Ár: 2. ár

Önn: Vorönn 2011

Stig námsgreinar: Grunnám, grunnámskeið

Tegund námskeiðs: Skylda

Undanfarar: Engir

Skipulag: 5 fyrirlestrar í viku

Kennarar: Kristín Haraldsdóttir og Ólafur Finnbogi Haraldsson

Hæfniviðið: Að námskeiði loknu eiga nemendur að geta:

- Lýst viðfangsefnum eignarréttar.
- Sagt frá helstu kenningum fræðimanna á réttarsviðinu.
- Skilgreint og útskýrt helstu hugtök.
- Gert grein fyrir flokkun eignarréttinda og útskýrt inntak þeirra og einkenni.
- Gert grein fyrir og útskýrt inntak helstu reglna réttarsviðsins með tilvísun til viðeigandi réttarheimilda.
- Beitt reglum réttarsviðsins: afmarkað álitafni af eignarréttarlegum toga, greint þau og rökstutt úrlausn þeirra með vísan til réttarheimilda og lögskýringargagna.

Lýsing: Á námskeiðinu er farið yfir grundvallarreglur eignarréttar. Fræðigreinin eignaréttur er hluti fjármunaréttar, sem nær m.a. einnig yfir kröfurétt, samninga- og kauparétt og skaðabótarétt. Eignarréttindi hafa verið greind í hlutaréttindi, kröfuréttindi og hugverka- og auðkennaréttindi. Á þessu námskeiði verður einkum fjallað um hlutaréttindi, þ.e. þær grundvallarreglur, sem gilda um réttindi yfir fasteignum og lausafé. Áhersla er lögð á fasteignaréttindi. Fræðigreinin eignaréttur tekur bæði til eignarréttar og takmarkaðra eignarréttinda, t.d. afnotaréttinda, ítaksréttinda og veðréttinda. Á námskeiðinu verður m.a. fjallað um hugtakið fasteign, flokkun fasteigna, mörk fasteigna og um eignarráð og takmörkun þeirra. Fjallað verður um vissa stofnunarhætti og brottfall eignarréttar, t.d. hefð og eignarnám. Farið verður sérstaklega yfir hugtakið veðréttindi og grunnreglur um stofnun veðréttinda, með aðaláherslu á stofnun samningsveðs og inntak þeirra réttarreglna sem um það gilda. Þá verður fjallað um þinglýsingareglur sem gilda um opinbera skráningu eignarréttinda og þau réttaráhrif sem tengjast slíkri skráningu.

Lesefni: Eignaréttur, Þorgeir Örlygsson

Veðréttur, Þorgeir Örlygsson

Tingsrett, Thor Falkanger/Aage Thor Falkanger

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og umræðutímar

Námsmat: Verkefni 30% og lokapróf 70%

Tungumál: Íslenska

L-407-FJA5 Fjármunaréttur V Raunhæft málf lutningsverkefni

6 ECTS**Ár:** 2. ár**Önn:** Vorönn 2011**Stig námsgreinar:** Grunnám, grunnnámskeið**Tegund námskeiðs:** Skylda**Undanfarar:** Engir**Skipulag:** 3 vikur eftir lokapróf á vorönn.**Kennari:** Sigurður Tómas Magnússon**Hæfniviðmið:** Að námskeiði loknu eiga nemendur að

- hafa þekkingu og þjálfun í undirstöðuatriðum, ræðumennsku og málf lutnings,
- hafa fengið þjálfun í gerð málf lutningsskjala
- þekkja rekstur dómsmáls, undirbúning málf lutnings og fengið þjálfun í munnlegum flutningi einkamáls.
- hafa innsýn í samningu dóms.

Lýsing: Í upphafi námskeiðsins er lögð fram atvikalýsing um lögfræðilegt ágreiningsefni. Nemendum er skipt í málf lutningshópa sem ýmist er ætlað að undirbúa og flytja einkamál um ágreininginn fyrir stefnendur eða stefndu. Nemendur semja ýmist stefnu eða greinargerð, þingfesta málið og fylgja því eftir fram að aðalmeðferð. Nemendur undirbúa málf lutning og flytja málið munnlega. Nemendur í einum málf lutningshópi eru síðan dómamar í öðrum hópi og semja og kveða upp dóm í því máli. Samhliða skjalagerð og undirbúningi málf lutnings sækja nemendur fyrirlestra um gerð stefnu og greinargerðar, undirbúning málf lutnings, málf lutninginn sjálfan og um dómasamningu. Þá fá nemendur sérstaka þjálfun í að tjá sig munnlega um lögfræðileg efni.

Leseefni: Tilkynt síðar**Kennsluáðferðir:** Fyrirlestrar, hópvinna, málf lutningsþjálfun og æfingar.**Námsmat:** Frammistaða í skjalagerð og málf lutningi sker úr um hvort nemendur standast kröfur í áfanganum. Þá er krafa um 80% mætingu í fyrirlestra.**Tungumál:** Íslenska

L-402-REFS Refsiréttur

8 ECTS**Ár:** 2. ár**Önn:** Vorönn 2011**Stig námsgreinar:** Grunnám, grunnnámskeið**Tegund námskeiðs:** Skylda**Undanfarar:** Engir**Skipulag:** 5 fyrirlestrar í viku**Kennarar:** Hulda María Stefánsdóttir og Svala Ísfeld Ólafsdóttir**Hæfniviðmið:** Að námskeiði loknu eiga nemendur að:

- hafa öðlast haldgóða þekkingu og skilning á grunnhugtökum og meginreglum refsiréttar,
- fengið innsýn í einstakar brotategundir.
- vera undir það búinir að starfa á þessu sviði lögfræðinnar.
- vera undirbúnir fyrir frekara nám á sviði refsiréttar.

Lýsing: Hugtakið refsiréttur og staða hans í fræðikerfi lögfræðinnar. Grundvallarhugtök refsiréttar. Almenn hegningarlög og sérrefsilög. Hugtökin afbrot og refsing. Flokkun afbrota. Brotasamsteypa. Tilraun til brota og afturhvarf. Hlutdeild í afbrotum og samverknaður. Refsiheimildir og refsinaemi verknaðar. Skýring refsilaga. Sakhæfi. Saknaemi. Ásetningur og gáleysi. Ólögætti og hlutrænar refsileysisástæður. Refsingar og refsikennd viðurlög. Varnaðaráhrif refsinga. Refsivist og refsivistarstofnanir. Öryggisgæsla og önnur skyld úrræði. Ákvörðun refsinga. Ítrekun. Lok refsíabyrgðar og brottfall viðurlaga. Kennsluhættir: Í refsirétti eru fimm kennslustundir á viku. Þær skiptast á milli fyrirlestra kennara sem byggðir eru á ofangreindu námsefni og æfinga sem lagðar eru fyrir nemendur með verkefnum og umræðum í þeim tilgangi að auka og dýpka skilning þeirra á efninu. Dómar verða jafnframt mikið til umfjöllunar í tengslum við námsefnið hverju sinni.

Lesefni: Afbrot og refsíabyrgð I, Jónatan Þórmundsson
Afbrot og refsíabyrgð II, Jónatan Þórmundsson
Afbrot og refsíabyrgð III, Jónatan Þórmundsson
Viðurlög við afbrotum, Jónatan Þórmundsson
Safn greinargerða við almenn hegningarlög
Kynferðisbrot, Ragnheiður Bragadóttir
„Heggur sá er hlífa skyldi“: skýrsla um kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum, Svala Ólafsdóttir
Auðgint er barn í bernsku sinni, Svala Ólafsdóttir

Kennsluáferðir: Kennslan er í formi fyrirlestra kennara og umræðutíma, þar sem fjallað er um afmörkuð atriði. Leitast er við að taka fyrir viðfangsefni sem eru ofarlega á baugi í fjölmiðlaumfjöllun og fræðilegri umræðu á hverjum tíma og þau sett í samhengi við námsefnið. Sérfræðingar á mismunandi sviðum refsiréttar koma í tíma og lýsa viðfangsefnum sínum og sérkennum þeirra. Áhersla er lögð á umfjöllun um dóma í kennslunni og þeir notaðir til að skýra og dýpka skilning nemenda á efninu.

Námsmat: Raunhæft verkefni 25%, lokapróf 75 %.

Tungumál: Íslenska

L-303-SAKE Samkeppnisréttur

8 ECTS

Ár: 2. ár

Önn: Vorönn 2011

Stig námsgreinar: Grunnám, grunnámskeið

Tegund námskeiðs: Skylda

Undanfarar: Engir

Skipulag: 5 fyrirlestrar í viku

Kennari: Heimir Örn Herbertsson

Hæfniviðmið: Að námskeiði loknu eiga nemendur að búa yfir skilningi á þeim grunnhugmyndum sem liggja að baki samkeppnisreglum og meðferð samkeppnismála á Íslandi. Nemendur eiga að þekkja helstu efnisreglur gildandi samkeppnislaga auk þeirra erlendu reglna sem lögin hafa að fyrirmynd. Jafnframt eiga nemendur að þekkja ýmsar stefnumarkandi úrlausnir innlendra og erlendra samkeppnisyfirlaða og dómstóla á þessu réttarsviði. Nemendur eiga að búa yfir grunnfærni við að skilgreina markaði og meta efnahagslegan styrk fyrirtækja. Þá eiga nemendur að kunna skil á beitingu samkeppnisreglna sem lúta að samráði og samstilltum aðgerðum fyrirtækja, láréttum og lóðréttum samkeppnishömlum og misnotkun markaðsráðandi fyrirtækja á stöðu sinni sem og reglum samkeppnislaga um samrunaeftirlit. Loks eiga nemendur að kunna skil á meginsjónarmiðum varðandi beitingu samkeppnisreglna gagnvart opinberum aðilum (þó ekki reglum um ríkisaðstoð) sem og reglum um málsmeðferð samkeppnismála og viðurlögum við samkeppnislagabrotum.

Lýsing: Á námskeiðinu verður farið yfir helstu ákvæði samkeppnislaga nr. 44/2005, með síðari breytingum, og helstu reglur evrópsks samkeppnisréttar, auk þess sem gerð verður grein fyrir stefnumarkandi úrlausnum á þessu sviði, bæði íslenskum og erlendum. Farið verður yfir stjórnsýslu í samkeppnismálum og helstu efnisatriði samkeppnislaga. Meðal annars verður fjallað um bann laganna við samráði keppnauta, bann við misnotkun á markaðsráðandi stöðu og reglur um samruna. Þá verður gerð grein fyrir viðurlagaákvæðum samkeppnislaga.

Lesefni: Competition law. Whish, Richard, 6th Ed.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og umræðutímar

Námsmat: Tvö einstaklings- eða hópverkefni (15% hvort), munnlegt lokapróf (70%)

Tungumál: Íslenska

Priðja námsár. Námskeið á haustönn

L-501-VERB Viðskipti með fjármálagerninga

8 ECTS

Ár: 3. ár

Önn: Haustönn 2010

Stig námsgreinar: Grunnám, grunnnámskeið

Tegund námskeiðs: Skylda

Undanfarar: Engir

Skipulag: 4 fyrirlestrar í viku

Kennari: Aðalsteinn Egill Jónasson

Hæfniviðmið: Að námskeiði loknu eiga nemendur að:

- Hafa öðlist skilning á því hvernig fjármagnsmarkaðurinn virkar og hvaða hlutverk viðskipti með fjármálagerninga hafa á þeim markaði.
- Þekkja helstu stofnanir og aðila sem gegna lykilhlutverki á fjármagnsmarkaði - og skilji hlutverk hvers og eins þeirra.
- Þekka og skilji þær reglur sem gilda um viðskipti með fjármálagerninga.
- Vera reiðubúnir til að leysa úr raunhæfum álitæfnum sem reynir á í tengslum við viðskipti með fjármálagerninga, samskipti fjárfesta við fjármálaafyrirtæki og eftirlitsaðila.

Lýsing: Á þessu námskeiði er fjallað um hvaða reglur gilda um viðskipti með fjármálagerninga og þýðingu þeirra fyrir fjármagnsmarkaðinn í heild sinni. Farið verður yfir helstu persónur og leikendur á fjármagnsmarkaði og meginhlutverk hvers og eins þeirra útskýrt (fjármálaafyrirtæki, Seðlabanki Íslands, Fjármálaeftirlitið, ýmsar alþjóðastofnanir o.fl.). Farið verður yfir hvernig löggjöfin á þessu sviði hefur, fyrir tilstilli regluverks Evrópusambandsins, þróast frá því að vera tiltölulega einföld og staðbundin, yfir í margslungna alþjóðlega löggjöf. Það getur ekki hver sem er stundað starfsemi og átt milligöngu um viðskipti með fjármálagerninga. Farið verður yfir hverjir hafa slíka heimild og helstu undanþágur. Fjallað verður sérstaklega um hvaða kröfur eru gerðar til fjármálaafyrirtækja um fjárfestavernd þegar þau annast milligöngu um viðskipti með fjármálagerninga og kröfur um innra skipulega þeirra (skipting í deildir, reglur um hagsmunaárekstra, regluvörslu o.fl.). Farið verður yfir hvaða reglur gilda um töku fjármálagerninga til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og á svokölluðu markaðstorgi fyrir fjármálagerninga. Þannig verður fjallað um hvaða kröfur eru gerðar um upplýsingaskyldu félaga á slíkum mörkuðum, reglum um viðskipti innherja, markaðsmisnotkun og reglur um yfirtöku. Loks verður fjallað um framkvæmd eftirlits með þessu regluverki.

Lesefni: Viðskipti með fjármálagerninga, eftir Aðalstein E. Jónasson. Bókaútgáfan Codex, Reykjavík 2009. Bókin fæst í Bóksölu stúdenta.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og umræðutímar

Námsmat: Miðannapróf (20%), frammistaða í tímum (10%) og lokapróf (70%)

Tungumál: Íslenska

L-304-HOFU Hugverkaréttur**6 ECTS****Ár:** 3. ár**Önn:** Haustönn 2010**Stig námsgreinar:** Grunnám, grunnnámskeið**Tegund námskeiðs:** Skylda**Undanfarar:** Engir**Skipulag:** 3 fyrirlestrar í viku.**Kennarar:** Ásdís Magnúsdóttir og Ragnar Jónasson

Hæfniviðmið: Í lok námskeið eiga nemendur að: geta verið færir um að beita þeim reglum sem gilda hér á landi á sviði einkaleyfaréttar, vörumerkjaréttar og höfundaréttar í tengslum við raunhæf verkefni á viðkomandi sviði. Þá eiga nemendur að hafa grunnskilning á markmiði þessa réttarsviðs og þýðingu þess fyrir atvinnulífið.

Lýsing: Fyrst verður farið yfir grunnhugmyndir hugverkaréttinda og hvernig uppbyggingu réttarreglna á þessu sviði lögfræðinnar er háttáð. Því næst verður farið yfir einstakar greinar hugverkaréttinda og helstu reglur og hugtök á hverju sviði fyrir sig. Farið verður yfir höfundarrétt að bókmenntaverkum eða listverkum, sbr. lög nr. 73/1972 með síðari breytingum, þá verður fjallað um einkaleyfi á uppfinningum, sbr. lög nr. 17/1991 með síðari breytingum og að lokum vörumerkjarétt, sbr. lög nr. 45/1997 með síðari breytingum, og annan auðkennarétt. Fjallað verður um þær reglur sem gilda um stofnun, gildistíma, vernd og meðferð þessara eignarréttinda. Einnig verður fjallað um alþjóðasamvinnu á þessum sviðum eftir því sem við á.

Lesefni: Höfundaréttur. Páll Sigurðsson.

Immaterialret. Schovsbo & Rosenmeier

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og umræðutímar**Námsmat:** Verkefni 30%, skriflegt lokapróf 70%**Tungumál:** Íslenska**L-502-SKAT Skattaréttur****8 ECTS****Ár:** 3. ár**Önn:** Haustönn 2010**Stig námsgreinar:** Grunnám, grunnnámskeið**Tegund námskeiðs:** Skylda**Undanfarar:** Engir**Skipulag:** 4 fyrirlestrar í viku**Kennarar:** Ágúst Karl Guðmundsson og Gunnar Gunnarsson**Hæfniviðmið:** Að námskeiði loknu eiga nemendur að:

- Hafa öðlast dýpri þekkingu á gildissviði skattalaga, reglugerða og lögskýringargagna og fengið þjálfun í að beita skattalögum hvort sem er

útfra sjónarhorni lögmennsku, á sviði stjórnsýslunnar, við skattaráðgjöf eða í tengslum við aðra hagsmunagæslu.

- Geta gert sér grein fyrir sérstakri stöðu skattareglna gagnvart stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.
- Geta gert sér grein fyrir hinum mikilvægu málsmeðferðarreglum skattalaga og hlutverki hvers stjórnvalds innan skattstjórnsýslunnar.
- Geta beitt skattalögum og reglum við úrlausn verkefna varðandi lögaðila, m.a. reiknað skatta fyrir þá. Þekki grundvallarreglur virðisaukaskatts og annarra skatta.
- Geti greint álitaefni um einstök viðfangsefni námskeiðsins, rætt um þau af skilningi og tekið rökstudda afstöðu.
- Verið færir um að nota námsefni sem grundvöll sjálfstæðrar umfjöllunar um efni sem vekur sérstaka athygli þeirra eða áhuga.

Lýsing: Á námskeiðinu verður m.a. fjallað um internetið og skattarétt, hlutverk og starfsvið skattalögfræðinga, hugtakið skattarétt, skilsmun á sköttum og þjónustugjöldum, réttarheimildir í skattarétti, skatta og stjórnarskrá, lögskýringar í skattarétti, hugtökin skattafyrirhyggju og skattasniðgöngu, skattstjórnsýsluna, málsmeðferðarreglur í skattarétti, skattskylda aðila, skattlagningu mismunandi félagsforma, einstaklinga í atvinnurekstri, breytingu á rekstrarformum, hugtökin atvinnurekstur og gerviverktöku, skattlagningu einstaklinga, skattlagningu lögaðila, atvinnurekstrartekjur, frádrátt frá atvinnurekstrartekjum, fyrningu og niðurfærslu eigna, samsköttun, samruna og skiptingu félaga, skattlagningu söluhagnaðar, fjármagnstekjuskatt, skattarefsirétt, virðisaukaskatt, erfðafjárskatt og fleiri skatta. Einnig verður fjallað um takmarkaða og ótakmarkaða skattskyldu, og alþjóðlegur skattaréttur verður kynntur fyrir nemendum.

Lesefni: Ýmsar greinar og samantekið efni frá kennara.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar

Námsmat: Raunhæft skilaverkefni (heimapróf) og miðannarpróf gilda samtals 40% af einkunn og lokapróf sem gildir 60% af einkunn.

Tungumál: Íslenska

L-503-THJR Þjóðaréttur

8 ECTS

Ár: 3. ár

Önn: Haustönn 2010

Stig námsgreinar: Grunnám, grunnnámskeið

Tegund námskeiðs: Skylda

Undanfarar: Engir

Skipulag: 4 fyrirlestrar í viku

Kennari: Þórdís Ingadóttir

Hæfniviðmið: Að námskeiði loknu eiga nemendur að:

- öðlast Hafa þekkingu á grunnreglum þjóðaréttar;

- Hafa þekkingu á tengslum þjóðaréttar og landsréttar;
- Hafa þekkingu á reglum um úrlausn deilumála í þjóðarétti, m.a. aðkomu alþjóðadómstóla og lögsögu þeirra;
- Hafa þekkingu á hlutverki og réttarstöðu helstu alþjóðastofnana;
- Kynnist grunnreglum valinna sérsviða þjóðaréttar og ræði helstu álitæfni innan þeirra;
- Geta greint og leyst úr raunverulegum álitæfnum á sviði þjóðaréttar.

Lýsing: Í námskeiðinu er fjallað um grunnatriði almenns þjóðaréttar, m.a. réttarheimildir, tengsl þjóðaréttar og landsréttar, þjóðréttaraðila, gerð og túlkun þjóðréttarsamninga, beitingu vopnvalds og ábyrgð ríkja. Þá er fjallað um úrlausn deilumála og lögsögu alþjóðadómstóla. Fjallað verður um hlutverk og réttarstöðu alþjóðastofnana, einkum Sameinuðu þjóðirnar. Í seinni hluta námskeiðs verður farið yfir grunnreglur valinna sérsviða innan þjóðaréttar: hafréttar, mannréttinda, alþjóðaviðskipta og alþjóðalegs sakamálaréttar.

Lesefni: Textbook on International law, 6th edition. Martin Dixon.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og umræður.

Námsmat: Skilaverkefni 25% og lokapróf 75%

Tungumál: Íslenska

Priðja námsár. Námskeið á vorönn

L-608-UPPL Upplýsingatækniréttur

6 ECTS

Ár: 3. ár

Önn: Vorönn 2011

Stig námsgreinar: Grunnám, sérhæft námskeið

Tegund námskeiðs: Valnámskeið

Undanfarar: Engir

Skipulag: 3 fyrirlestrar í viku

Kennari: NN

Hæfniviðmið: Að námskeiði loknu eiga nemendur að hafa öðlast góða innsýn í upplýsingatæknirétt semvaxandi fræðigreinar innan lögfræðinnar.

Lýsing: Inngangsnámskeið í upplýsingatæknirétti. Upplýsingatækniréttur (einnig nefnt upplýsinga- og samskiptatækniréttur) er vaxandi fræðigrein innan lögfræðinnar. Almennt eru hugverkaréttur, persónuvernd, fjarskiptaréttur, fjölmiðlaréttur og rafræn viðskipti talin heyra undir fræðigreinina en einnig hefur upplýsingatækniréttur mikil áhrif á aðrar fræðigreinar. Í inngangsnámskeiði eins og hér er skipulagt verður einungis skimað á yfirborði fræðigreinarinnar en stefnt er að því að nemendur öðlist innsýn í fræðigreinina með það að markmiði að auðvelda nemendum ákvörðun um frekara nám á sviði upplýsinga- og samskiptatækniréttar. Farið verður yfir hinar fjölbreyttu gildandi reglur sem tengjast upplýsingatækni. Nokkur áhersla verður á hugverkarétt, þ.m.t. höfundarétt, vernd forrita og gagnagrunna, einkaleyfis- og auðkennavernd, en einnig verður fjallað um persónuvernd, rafræn viðskipti, fjarskiptarétt, samningarétt, refsirétt, skaðabótarétt, fjölmiðlarétt og lagaskilarétt (alþjóðlegan einkamálarétt), að því leyti sem þessi svið tengjast upplýsingatækni. Til umræðu verða meðal annars réttindakerfi tengd rafrænni réttindaumsýslu, skráaskiptakerfi, ábyrgð þjónustuveitenda rafrænna viðskipta og þjónustu, vernd og réttindi til léna, örmerkingar, umferðagögn í fjarskiptarétti, tölvubrot og rafræn sönnunargögn, stjórnhættir netsins og aukid öryggi rafrænna viðskipta með tilkomu rafrænna skilríkja.

Lesefni: Tilkynnt síðar

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og umræðutímar.

Námsmat: Tvö verkefni 20% hvort, þátttökueinkunn 10% , lokapróf 50%

Tungumál: Íslenska

L-601-ENSL Enskt lagamál

6 ECTS

Ár: 3. ár

Önn: Vorönn 2011

Stig námsgreinar: Grunnám, sérhæft námskeið

Tegund námskeiðs: Valnámskeið

Undanfarar: Engir

Skipulag: 3 fyrirlestrar í viku

Kennari: Erlendína Kristjánsson

Hæfniviðmið: Upon completion of the course, students should have:

- an increased level in the use of advanced legal terminology;
- a solid understanding of the characteristics of professional and legal writing;
- enhanced communications skills with a special emphasis on professional presentation skills; improved pronunciation;
- overall increased skills in dealing with legal matters in English.

Lýsing: This course offers the students the opportunity to increase their overall proficiency in Legal English. Students will practise and enhance their four language skills: reading, writing, speaking, and listening. Students work systematically on acquiring and developing their legal vocabulary. This will be done through extensive reading of various legal texts, the application of reading- and vocabulary acquisition strategies, and the completion of practical language assignments. The course covers the structural differences between common law- and civil law judgements. Students will be introduced to the nature and form of legal writing by analysing various legal genres, such as the legal brief, business letters and contracts. Standard phrases in business letters and contracts will also be covered. Oral communication skills will be practised through short speeches, formal presentations, mock meetings, debates, argumentation, and lively discussions. Students will be introduced to various oral communication strategies and standard phrases for professional communication. Listening strategies will be practised through multimedia material by Cambridge University Press. The course prepares students for the International Legal English by Cambridge University (ILEC exam). The course is based on, for example, the following themes: legal systems of the world; systems of government (Icelandic, UK and USA) (The Icelandic Constitution); judiciary systems (Icelandic, UK and USA); contracts; company law; crime, and human rights.

Lesefni: International Legal English

Professional English in Use: Law

Kennsluaðferðir: Classes are interactive and formal lectures are kept to a minimum. Students are encouraged to take active part in discussions and are expected to use English at all times.

Námsmat: Evaluation The evaluation of this course takes place on a continuous basis. Each evaluation slot accounts for a small part of the grade – there are no high stake exams.

Written Tasks - 25% (Business Letter / Essay / Legal Brief)

Speaking Tasks - 25% (Speech / Presentation / Oral Exam)

Reading and Vocabulary Learning - 50% (Two vocabulary tests /Personal Legal Glossary)

Tungumál: Enska

Ár: 3. ár

Önn: Vorönn 2011

Stig námsgreinar: Grunnám, sérhæft námskeið

Tegund námskeiðs: Valnámskeið

Undanfarar: Engir

Skipulag: 3 fyrirlestrar í viku

Kennari: Jóhannes Rúnar Jóhannsson

Hæfniviðmið: Nemendur eiga að námskeiði loknu að hafa öðlast aukna þekkingu og skilning á reglum um fjármagnsfélög, einkum hlutafélög, og færni í úrlausn raunhæfra og fræðilegra álitafna um þau.

Lýsing: Gerð verður grein fyrir megineinkennum fjármagnsfélaga og áhersla lögð á að nemendur öðlist þekkingu og skilning á helstu aðgerðum sem upp geta komið á líftíma fjármagnsfélaga, einkum hlutafélaga, svo sem hækkun og lækkun hlutafjár, yfirtökum, samruna og skiptingu félaga, þ.m.t. millilandasamruna, o.fl. Jafnframt verður fjallað um félagasamstæður og endurskipulagningu félaga, hluthafasamninga, stjórnenda- og hluthafaábyrgð, o.fl. Sérstök áhersla verður lögð á stærri hlutafélög, félög sem eru skráð í kauphöll og félög sem starfa yfir landamæri. Fjallað verður um efnið frá fræðilegum og hagnýtum sjónarhóli. Í kennslu verður stuðst við dóma og raunhæf verkefni til skýringar á einstökum atriðum og áhersla lögð á að þjálfra með nemendum sjálfstæð og gagnrýnin vinnubrögð.

Lesefni: Stefán Már Stefánsson, Samstæður hlutafélaga (2008)

Stefán Már Stefánsson, Hlutafélög, einkahlutafélög og fjármálamarkaðir (2003) (valdir kaflar)

Annað lesefni verður kynnt síðar

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, umræðutímar og verkefni.

Námsmat: Verkefni 30% og munnlegt lokapróf 70%. Skil á verkefnum er skilyrði þátttöku í lokaprófi.

Tungumál: Íslenska

L-604-FULL Fullnusturéttarfar

6 ECTS

Ár: 3. ár

Önn: Vorönn 2011

Stig námsgreinar: Grunnám, sérhæft námskeið

Tegund námskeiðs: Valnámskeið

Undanfarar: Engir

Skipulag: 3 fyrirlestrar í viku.

Kennari: Feldís Lilja Óskarsdóttir

Hæfniviðmið: Að námskeiði loknu eiga nemendur að:

Hafa kynnist grunnhugtökum og meginreglum fullnusturéttarfarsins og öðlist þekkingu á þeim aðferðum sem unnt er að beita skv. lögum um aðför, kyrrsetningu lögbann o.fl., lögum um nauðungarsölu og lögum um gjaldþrotaskipti til að knýja fram efndir á skyldu manna eða lögpersóna, sem sá sem í hlut á vill ekki eða getur ekki efnt af fúsum og frjálsum vilja.

Lýsing: Gerð verður grein fyrir aðfarargerðum en þær eru framkvæmdar til að knýja fram efndir á skuldbindingum manna samkvæmt fullgildri aðfararheimild. Sérstaklega verður fjallað um fjárnám, innsetningargerðir og útburðargerðir. Fjallað verður um aðkomu dómstóla að aðfarargerðum á fyrstu stigum og um ágreiningsmál vegna aðfarargerða. Þá verður gerð grein fyrir lagareglum um bráðabirgðagerðir en þær eru kyrrsetning, löggeymsla og lögbann. Einnig verður fjallað um nauðungarsölu en við hana er eign seld, eftir atvikum gegn vilja eigandans, og andvirðinu varið til fullnustu á skuldbindingu hans. Fjallað um nauðungarsölu á fasteignum og lausafé, um úthlutun uppboðsandvirðis og um ágreiningsmál vegna nauðungarsölu. Loks verður fjallað um meginreglur í skuldaskilarétti, en til hans heyra greiðslustöðvun, nauðasamningar og gjaldþrotaskipti. Fjallað verður um gjaldþrotaskiptabeiðnir og heimildir skuldara og kröfuhafa til að krefjast gjaldþrotaskipta, úrskurði um gjaldþrotaskipti, skiptastjórn, ágreiningsmál vegna gjaldþrotaskipta og um endurheimt verðmæta við gjaldþrot.

Lesefni: Aðfarargerðir. Markús Sigurbjörnsson.

Endurheimt verðmæta við gjaldþrot. Viðar Már Matthíasson.

Lög og greinargerðir með lagafrumvörpum á þeim réttarsviðum sem um er fjallað á námskeiðinu.

Fjöldi dóma

Kennsluáðferðir: Fyrirlestrar, raunhæf verkefni og umræður um dóma og önnur afmörkuð viðfangsefni

Námsmat: Verkefni 40% og skriflegt lokapróf 60%. Lágmarkseinkunn á námskeiðinu er 5,0. Einnig þarf að ná 5,0 á skriflegu lokaprófi.

Tungumál: Íslenska

L-606-KAUP Kauparéttur

6 ECTS

Ár: 3. ár

Önn: Vorönn 2011

Stig námsgreinar: Grunnnám, sérhæft námskeið

Tegund námskeiðs: Valnámskeið

Undanfarar: Engir

Skipulag: 3 fyrirlestrar í viku

Kennarar: Jónas Þór Guðmundsson og Áslaug Árnadóttir

Hæfniviðið: Að námskeiði loknu eiga nemendur að kunna skil á og geta beitt reglum kaupalaga á raunhæf og fræðileg álítaefni er vakna kunna í tengslum við kaupsamninga og beitt þeirri þekkingu m.a. við greiningu og mat á því

hvort kaupsamningur teljist hafa verið vanefndur, hvaða úrræði standi þá til boða og hver séu skilyrði fyrir beitingu þeirra.

Lýsing: Á námskeiðinu verður fyrst og fremst fjallað um kaup í skilningi laga um lausafjárkaup nr. 50/2000 og neytendakaup nr. 48/2003. Til samanburðar verður litið til helstu reglna um fasteignakaup samkvæmt lögum nr. 40/2002 og að nokkru til reglna um þjónustukaup samkvæmt lögum nr. 42/2000. Fjallað verður um hugtakið kaup og einstakar tegundir kaupa, skyldur sammingsaðila og þær reglur sem gilda um áhættuna af því er söluhlutur skemmist eða ferst eftir að kaupsamningur kemst á. Enn fremur verður farið ítarlega yfir reglur um vanefndir kaupsamninga og úrræði kaupanda og seljanda vegna vanefnda. Lögin um lausafjárkaup hafa víðtækt gildissvið og ná til margvíslegra verðmæta, bæði áþreifanlegra og óáþreifanlegra, svo sem almenns verslunarvarnings og framleiðsluvara, bifreiða, skipa og kröfurettinda, t.d. samkvæmt verðbréfum. Þau gilda um alþjóðleg kaup með þeim sérreglum sem í lögnum felast. Lögin um lausafjárkaup hafa verulega þýðingu í viðskiptum og störfum flestra lögfræðinga. Á námskeiðinu verður lögð áhersla á að tengja námsefnið raunhæfum viðfangsefnum.

Lesefni: Kauparéttur - Skýringar á lögum um lausafjárkaup og lögum um neytendakaup, Áslaug Árnadóttir, Stefán Már Stefánsson og Þorgeir Örlygsson,

Lög um lausafjárkaup nr. 50/2000, lög um neytendakaup nr. 48/2003, lög um fasteignakaup nr. 40/2002 og lög um þjónustukaup nr. 42/2000, ásamt greinargerðum (tilteknum köflum)

Ýmsar greinar úr Tímariti lögfræðinga, Úlflióti og Tímariti Lögréttu

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og umræðutímar.

Námsmat: Skriflegt verkefni 30% og skriflegt lokapróf 70%. Lágmarkseinkunn á námskeiðinu er 5,0. Sérstaklega þarf einnig að ná þeirri einkunn á hinu skriflega lokaprófi.

Tungumál: Íslenska

L-613-DANS Lagadanska

6 ECTS

Ár: 3. ár

Önn: Vorönn 2011

Stig námsgreinar: Grunnnámskeið, sérhæft námskeið

Tegund námskeiðs: Valnámskeið

Undanfarar: Engir

Skipulag: 3 kennslustundir í viku þar af einn umræðutími

Kennari: Halldóra Jónsdóttir

Hæfniviðmið: Að námskeiði loknu eiga nemendur að:

- Búa yfir aukinni færni í að lesa dönsku með höfuðáherslu á orðaforða úr lagamáli.

- hafi öðlast innsýn í danskt lagaumhverfi og færni í að lesa lagatexta og dóma á dönsku, nokkurn skilning á töluðu máli og nokkra þjálfun í að skrifa texta á lagamáli.

Lýsing: Kennslan felst einkum í að lesa danska lagatexta með það að markmiði að ná skilningi á lögfræðilegum orðaforða. Nemendur læra með verklegum æfingum að hagnýta sér þá dönsku vefmiðla sem tiltækir eru til frekari upplýsingaöflunar á sviði lögfræði. Farið verður í gegnum þýðingar og túlkun á milli dönsku og íslensku auk dómareifana.

Leseefni: Tilkynnt síðar

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, verkefnavinna í tímum og umræðutímar.

Námsmat: Símat (30%), virk þátttaka í tímum (20%) og föst verkefnaskil (50%).

Tungumál: Danska

L-612-FREN Lagafranska

6 ECTS

Ár: 3. ár

Önn: Vorönn 2011

Stig námsgreinar: Grunnám, sérhæft námskeið

Tegund námskeiðs: Valnámskeið

Undanfarar: Engir

Skipulag: Þrjár kennslustundir á viku

Kennari: Svala Ísfeld Ólafsdóttir

Hæfniviðmið: Að námskeiði loknu eiganemendur að:

- Hafa fengið þjálfun sem eykur skilning nemenda á frönsku lagamáli.
- Hafa þekkingu til að setjasaman texta á frönsku.
- búa yfir þjálfun og þekkingu sem geri þeim kleift að lesa sér til gagns lögfræðilega texta á frönsku.

Lýsing: Kennslan felst aðallega í því að leggja fyrir nemendur texta á frönsku sem lesnir yrðu fyrir tímana og síðan fjallað um efni þeirra og lögfræðihugtök sem þar koma fyrir. Í þessu skyni yrðu m.a. lesnir valdir textar úr lögfræðiritum á frönsku og dómur frá Mannréttindadómstól Evrópu og Evrópudómstólum. Nemendur þurfa að búa yfir ákveðinni grunnþekkingu í frönsku, svo sem að hafa lært hana í menntaskóla eða dvalið í frönskumælandi landi um lengri eða skemmri tíma.

Leseefni: Tilkynnt síðar

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og umræðutímar.

Námsmat: Námsmat byggist á þátttöku nemenda í tímum og verkefnum sem þeim er ætlað að standa skil á. Í lok námskeiðs verður próf sem gildir 50% lokaeinkunn. Nánar verður um þetta tilkynnt í upphafi námskeiðs.

Tungumál: Franska

L-605-SAKA Sakamálaréttarfar

6 ECTS

Ár: 3. ár

Önn: Vorönn 2011

Stig námsgreinar: Grunnnámskeið, sérhæft námskeið

Tegund námskeiðs: Valnámskeið

Undanfarar: Engir

Skipulag: 3 fyrirlestrar í viku

Kennarar: Sigurður Tómas Magnússon, Helgi Magnús Gunnarsson og Jón Helgi B Snorrason.

Hæfniviðmið: að námskeiði loknu eiga nemendur að

- Hafa öðlast trausta þekkingu á meginreglum sakamálaréttarfars og þeim reglum öðrum sem gilda við rannsókn, meðferð ákærvalds og rekstur sakamála fyrir dómi frá sjónarhóli, sakborninga, brotapolá, verjenda, réttargæslumanna, lögreglu, ákærvalds og dómara.
- Öðlast nokkra færni í að beita þessum reglum.

Lýsing: Fjallað verður um meginreglur sakamálaréttarfars, rannsókn sakamála, útgáfu ákæru, aðila sakamála réttarstöðu þeirra og réttarvernd, skipan ákærvalds, dómstólaskipan í sakamálum, almennar reglur um rekstur sakamála fyrir héraðsdómi, sönnunargögn og sönnunarmat, samningu dóms og vikið að meginreglum um málskot til Hæstaréttar. Einnig verður vikið að tengslum sakamálaréttarfars og mannréttindaverndar.

Lesefni: Meginreglur sakamálaréttarfars, Eiríkur Tómasson

Þvingunarráðstafanir í þágu meðferðar sakamáls, Eiríkur Tómasson

Réttarstaða skabornings og verjenda, Eiríkur Tómasson

Lög um meðferð sakamála ásamt greinargerð

Dómar í sakamálaréttafari

Kennsluáðferðir: Fyrirlestrar, raunhæf verkefni og umræður um dóma og önnur afmörkuð viðfangsefni svo og heimsóknir til lögreglu og dómstóla.

Námsmat: Verkefni 40% og skriflegt lokapróf 60%. Lágmarkseinkunn á námskeiðinu er 5,0. Einnig þarf að ná 5,0 á skriflegu lokaprófi.

Tungumál: Íslenska

L-610-VINN Vinnuréttur

6 ECTS

Ár: 3. ár

Önn: Vorönn 2011

Stig námsgreinar: Grunnám, sérhæft námskeið

Tegund námskeiðs: Valnámskeið

Undanfarar: Engir

Skipulag: 3 tímar í viku, fyrirlestrar, verkefna- og umræðutímar

Kennari: Hrafnhildur Stefánsdóttir

Hæfniviðmið: Að nemendur hafi að námskeiði loknu öðlast eftirfarandi þekkingu, hæfni og færni:

- Þekkingu á meginþáttum íslensks vinnuréttar og tengslum hans við evrópurétt, stjórnskipan og mannréttindareglur,
- þekkingu á helstu réttarreglum sem gilda um vinnumarkaðinn og réttindi og skyldur vinnuveitenda og starfsmanna,
- hæfni til að skilja eðli og tilgang réttarreglna vinnuréttar og - færni í beitingu þeirra um raunhæf úrlausnarefni.

Lýsing: Vinnumarkaðsréttur og ráðningarréttur. Vinnumarkaðsréttur fjallar um aðildarsamtök vinnumarkaðarins, kjarasamninga og vinnudeilur. Í ráðningarrétti er fjallað um réttindi og skyldur atvinnurekenda og launþega, s.s. stofnun og slit ráðningarsamninga, vinnuskyldu, trúnað o.fl. Á námskeiðinu verður m.a. fjallað um vinnulöggjöfina og tengsl hennar við stjórnskipan og mannréttindi, Félagsdóm, meginatriði evrópuréttar um vinnumarkaðinn og helstu réttindi og skyldur aðila ráðningarsambands.

Lesefni: Tilkynnt síðar

Kennsluáðferðir: Fyrirlestrar, verkefnavinna og umræðutímar.

Námsmat: Verkefni 30%, lokapróf 70%

Tungumál: Íslenska

L-611-BARI BA ritgerð

12 ECTS

Sérstakt BA-verkefni getur komið í stað tveggja valgreina. Verkefnið skal veða 12 ECTS og uppfylla eftirfarandi skilyrði:

Lýsing:

- Fjalla um lögfræðilegt viðfangsefni eða viðfangsefni sem tekur til lögfræðilegra álitaefna auk álitaefna á öðrum fræðasviðum og sem tilefni er til að fjalla um á þeim tíma sem ritgerðin er skrifuð.
- Fela í sér fræðilega notkun frumheimilda og afleiddra heimilda eftir því sem viðfangsefni ritgerðarinnar gefur tilefni til.
- Uppfylla þau markmið sem nemandinn hefur sett sér áður en vinnan hófst og leiðbeinandi hefur fallist á. Markmiðin skulu koma skýrt fram í inngangi ritgerðarinnar.
- Efnistökin skulu vera með þeim hætti að ljóst sé að ekki liggi færri en 240 vinnustundir að baki ritgerðinni.
- Lengd ritgerðarinnar skal vera á bilinu 10.000-15.000 orð.

Um námsmat og einkunnagjöf

Um námsmat og einkunnagjöf við lagadeild fer samkvæmt reglum HR um próf og einkunnir. Lágmarkseinkunn í aðferðafræði (námskeið L-101/L-700) er 6 og þurfa nemendur að ná lágmarkseinkunn 6 að meðaltali úr verkefni og skriflegu miðannarprófi til að heimilt sé að gangast undir munnlegt lokapróf. Einkunnin 6 er jafnframt lágmarkseinkunn í munnlegu lokaprófi.

Í greinum þar sem lokapróf, hvort sem það er munnlegt eða skriflegt, er hluti námsmats skulu aðrir námsþættir því aðeins metnir inn í lokaeinkunn, að stúdent hafi hlotið tilgreinda lágmarkseinkunn á lokaprófi. Ná stúdent ekki tilgreindri einkunn á lokaprófi getur hann ekki nýtt sér einkunnir sem hann hefur fengið fyrir aðra námsþætti þótt hann endurtaki námskeiðið síðar nema kennari ákveði annað.

Um námsmat og einkunnagjöf í meistaranámi fer eftir reglum sem finna má á heimasíðu deildarinnar og í sérstökum bæklingi um meistaranámið.

Reglur um prófgögn í lagadeild

1. gr.

Umsjónarkennari námskeiðs ákveður hvort og hvaða gögn nemendum er heimilt að hafa með sér í próf.

2. gr.

Sé ekki annað ákveðið samkvæmt 1. gr. er nemendum heimilt að hafa eftirtalin gögn meðferðis í próf:

1. Gildandi lagasafn, útgefið af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.
2. A- og C-deildir Stjórnartíðinda.
3. Safn alþjóðasamninga og gerða ESB samkvæmt nánari ákvörðun kennara.
4. Útprintanir laga af Netinu sem skrá af gerðinni PDF og prentaðar í tveimur dálkum. Reglugerðir skulu vera prentaðar sem HTML skjöl af heimasíðu Stjórnartíðinda eða af réttarheimild.is. Deildin getur ákveðið að útprintanir séu stimplaðar og áritaðar af lagadeild.

3. gr.

Í gögnum sem greinir í 2. gr. eru heimilar einfaldar undirstrikanir og yfirstrikanir ásamt leiðréttingum á lagatexta. Leiðréttingar greini einvörðungu tilvísanir til númers og heitis nýrra laga. Heimilt er að merkja lagasafn með límmiðum þar sem fram kemur númer laga eða heiti laga. Óheimilt er að skrifa inn í lagasafn eða útprintanir af netinu umfram það sem að framan greinir.

4. gr.

Um brot og viðurlög við brotum á reglum þessum er vísað í almennar náms- og prófareglur HR.

Framvindureglur í lagadeild

Almennt um framvindu náms í BA-námi

BA-nám í lögfræði er samtals 180 ECTS einingar og skiptist það á þrjú ár (fyrsta, annað og þriðja námsár). Almennt er gert ráð fyrir að nemandi ljúki 30 ECTS á önn eða 60 á ári, miðað við eðlilega námsframvindu. Nemanda er heimilt að innrita á annað námsár í lagadeild, hafi hann lokið a.m.k. 48 ECTS af námsefni fyrsta árs, með meðaleinkunn 6 eða hærrí*. Til að hefja nám á þriðja ári þarf nemandi að hafa lokið a.m.k. 96 ECTS á fyrsta og öðru námsári, með meðaleinkunn 6 eða hærrí*. Nemandi skal hafa lokið a.m.k. 90 ECTS í síðasta lagi tveimur árum eftir síðustu innritun á fyrsta námsár. Nemandi skal hafa lokið a.m.k. 126 ECTS þremur árum eftir síðustu innritun á fyrsta námsár. Nemandi skal hafa lokið BA-prófi í síðasta lagi fjórum árum eftir síðustu innritun á fyrsta námsár.

Endurinnritun

Ljúki nemandi einingum við lagadeild en uppfylli ekki framangreind lágmarksskilyrði um námsframvindu, fellur réttur hans til frekara náms við deildina niður. Nemandi getur þó sótt um endurinnritun í deildina. Sé honum veitt slík heimild, heldur hann, óski hann þess, þeim námskeiðum/einingum sem hann hefur lokið með einkunn 6 eða hærrí. Það er almennt skilyrði fyrir endurinnritun að nemandi hafi sýnt ótvíræðar framfarir í námi og meðaleinkunn sé 6 eða hærrí.

Endurtekning prófa

Nemanda er heimilt að þreyta próf í hverju námskeiði að hámarki fjórum sinnum (þ.m.t. endurtektarpróf). Ef nemandi, sem stenst ekki próf í fjórða sinni, óskar eftir að halda áfram námi við deildina, ber honum að sækja um endurinnritun. Um afleiðingar endurinnritunar fer skv. framangreindu. Ef nemandi er heimilur endurinnritun öðlast hann rétt til að þreyta próf í viðkomandi námskeiði aftur en þó eigi oftast en tvisvar sinnum að endurtektarprófi meðtöldu.

Ákvæði þetta tekur ekki til próftöku nemanda í námskeiði sem hann var fyrst skráður í árið 2009 eða fyrr.

Hlutanám

Nemandi, sem hyggst ekki stunda fullt nám við lagadeild, getur sótt um að vera skráður í hlutanám við deildina. Umsókn um hlutanám þarf að berast lagadeild a.m.k. þrem vikum fyrir upphaf skólaárs. Heimild til hlutanáms er háð því að gildar ástæður séu fyrir umsókninni og veigamikil rök fyrir því að veita slíka undanþágu frá almennum framvindureglum. Heimild til hlutanáms má aðeins veita eitt ár í senn eða til skemmri tíma. Heimild til hlutanáms má veita með skilyrðum, m.a. um námsframvindu.

Námshlé

Nemandi getur sótt um til lagadeildar að gera hlé á námi sínu. Beiðnin skal studd fullnægjandi gögnum er sýni að gildar ástæður séu fyrir beiðninni. Meðal ástæðna sem réttlætt geta námshlé eru t.d. barnsburður eða veikindi. Leyfi til námshlés má veita með skilyrðum. Hámarksnámstími skv. reglum þessum framlengist sem námsleyfi nemur.

Undanþágur

Lagadeild getur veitt frekari undanþágur frá framvindureglum, ef ríkar ástæður eru til að mati deildarinnar.

Að öðru leyti gilda almennar náms- og prófareglur Háskólans í Reykjavík um framvindu náms í BA-námi við lagadeild.

* Meðaleinkunn reiknast af öllum loknum einingum.

Samþykkt á deildarfundi lagadeildar 31. ágúst 2009.

Reglur um mat á fyrra námi vegna grunnnáms (BA) í lagadeild

Nemandi sem óskar mats á fyrra námi vegna námskeiðs eða námskeiða í lagadeild þarf að sækja um slíkt mat fyrir 15. september vegna haustannar og 15. janúar vegna vorannar.

Um mat á fyrra námi vegna skyldunámskeiða (námskeiða á önnum 1-5) fer skv. neðangreindu:

1. Nemandi sem óskar mats á fyrra námi vegna námskeiðs eða námskeiða í lagadeild þarf að sækja um slíkt mat áður en námskeið hefst. Umsókn skal vera skrifleg og studd fullnægjandi gögnum um það nám sem óskast metið þ.e. nákvæmri námslýsingu og staðfestu prófskírteini.
2. Til að nám fáiast metið þarf það að inntaki og umfangi að standast fyllilega samanburð við það námskeið sem óskað er mats á. Eingöngu nám á háskólastigi kemur til álitá í þessum efnunum
3. Það er almennt skilyrði þess að námskeið í lagadeild fáiast metið að ekki séu liðin meira en 5 ár frá lokum þess náms sem óskað er mats á og umsækjandi hafi staðist þær lágmarkskröfur sem gerðar voru til einkunnar í því námi enda séu þær ekki minni en einkunnakröfur við lagadeild HR.
4. Mat á fyrra námi getur aldrei numið meira en 90 ECTS samtals.
5. Ákvörðun um hvort fyrra nám skuli metið er í höndum námsmatsnefndar sem deildarfundur skipar. Nefndin skiptir með sér störfum. Niðurstöður nefndarinnar má bera undir deildarfund.

Um mat vegna valnámskeiða á 6. önn í grunnnámi fer skv. neðangreindu:

- Nemendum er heimilt, að fengnu samþykki lagadeildar, að velja námsgreinar innan annarra deilda HR eða innan annarra háskóla, innlendra eða erlendra, í stað einnar eða fleiri valgreina á 6. önn í grunnnámi (allt að 30 ECTS). Í framkvæmd hefur þessari reglu frá upphafi verið beitt með þeim hætti að nemendum hefur verið heimilað að fá metið, í stað einnar eða fleiri valgreina, allt nám á háskólastigi sem viðkomandi hafa lokið og ekki telst hluti af skyldunámi við deildina, enda séu ekki séu liðin meira en 5 ár frá lokum þess náms sem óskað er mats á.
- Þess er krafist að nemandi hafi staðist þær lágmarkskröfur sem gerðar eru til einkunnar í því námi sem metið er enda séu þær ekki minni en einkunnakröfur við lagadeildina.
- Umsókn skal vera skrifleg og studd fullnægjandi gögnum um það nám sem óskast metið þ.e. nákvæmri námslýsingu og staðfestu prófskírteini.

Gögn sem þurfa að fylgja með umsókn um mat á fyrra námi:

- Umsóknin sjálf (prentuð út af netinu)
- Staðfest afrit af einkunnum frá viðkomandi háskóla
- Námskeiðslýsingar frá viðkomandi háskóla (þær þurfa að vera frá því ári sem námskeiðin eru tekin).

Forsetalisti

Peir nemendur sem ná bestum árangri í grunnnámi á hverju próftímabili eiga kost á að komast á forsetalista lagadeildar og fá skólagjöld næstu annar niðurfelld.

Til þess að vera gjaldgengir á forsetalista þurfa nemendur í dagskóla að ljúka að minnsta kosti 30 ECTS. Eingöngu námskeið sem nemendur ljúka á hefðbundnu próftímabili, eða fyrir þann tíma, eru gjaldgeng á forsetalista. Í útreikningi á meðaleinkunn gilda eingöngu próf sem tekin eru í fyrsta sinn í tilteknu námskeiði, m.ö.o. endurtektarpróf gilda ekki en sjúkrapróf gilda.

Miðað er við að um 3% nemenda komist á forsetalista hverju sinni.

